Hér er hópur ungra hrúta í samanburði með afkvæmi sín og mikið um ákaflega vel gerð og vöðvafyllt lömb eins og tölur í töflunni bera með sér. Haustið 2011 vakti Hlekkur 10-513 athygli hér fyrir góðan lambahóp í rannsókn þá en hópurinn, sem fylgir honum að þessu sinni, sýnir enn meiri yfirburði í kjötgæðum. Í kjötmatssamanburðinum er gerðarmat lambanna mjög gott og fitumatið frábært og ljóst að Hlekkur er rakin fituleysiskind. Lifandi lömbin eru frábær að öllu leyti, bakvöðvinn feikilega þykkur og læraholdin úrtökugóð. Það að þungasamanburður er aðeins í óhag skýrist vafalítið mest af því að meginþorri lambanna eru tvævetlulömb. Hlekkur er sonur Hriflonar 07-837 en móðurfaðir hans er Biskup 06-005. Lambahópurinn undan Arði 11-625 er stórglæsilegur. Kjötmatið úrvalsgott, bæði mjög góð gerð og lítil fita lambanna og í líflambaskoðun voru lömbin gríðarlega vel vöðvuð og vel gerð. Haustið 2011 var Arður sjálfur dæmdur besta hrútlambið á Snæfellsnesi á héraðssýningu lambhrúta þar. Arður er sonur Gosa 09-850 en móðurfaðir hans er Ljúfur 05-968 og síðan kemur Askur 97-835 sem móðurmóðurfaðir. Þriðji topphópurinn þarna er undan Keili 11-522. Í kjötmatinu er þetta sá lambahópurinn, sem fær besta matið fyrir gerð en lömbin eru nokkru feitari en í hópunum, sem þegar hefur verið fjallað um. Líflambadómarir og –mælingarnar eru einnig gríðarlega góðar hjá þessum lambahópi en öll lömbin í hópnum eru tvævetlulömb. Keilir er sonur Borða 08-838 en móðurfaðir er Skellur 07-546. Að lokum skal beint athygli að mjög góðum lambahópi undan Aðli 11-524. Kjötmatssamanburður skilar honum meðaltali, en matið í rauntölum mjög gott, en líflambaskoðunin skilar mjög miklum yfirburðum. Aðall er sonur Gosa 09-850 en móðurfaðir Bogi 07-544, sem er sonur Kveiks 05-965, sem reyndist hér afburðavel á sinni tíð.

Hallkelsstaðahlíð

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Vafi	09-310	Kveikur	05-965	121,6	127,9	124,8	15,0	8,5	5,3	25,4	2,4	17,2
Fylliraftur	10-302	Raftur	05-966	113,3	121,9	117,6	16,1	8,6	5,7	26,6	2,7	17,2
Litli-Sindri.	11-301	Kveikur	05-965	98,1	124,7	111,4	15,0	8,4	5,9	25,3	2,5	17,2
Dimmir	09-305	Dökkvi	07-809	97,1	124,1	110,6	15,2	8,8	6,2	25,7	2,7	17,1
Dunkur	10-310	Öngull	08-297	95,2	115,4	105,3	16,1	8,1	5,9	24,7	2,2	17,3
Drykkjuraftur	10-304	Raftur Svarti	05-966	100,4	106,3	103,4	14,6	7,7	5,3	24,5	2,3	17,2
Rósinkar	10-309	kollur.	08-312	90,3	55,2	72,8	15,7	8,3	6,2	22,7	3,5	16,9
Bíldhóll	10-312	Móri	08-534	79,2	66,2	72,7	14,1	7,9	6,0	23,2	2,9	16,8
Mókollur	09-309	Mókollur	03-978	86,4	55,0	70,7	15,6	8,4	6,3	23,1	2,8	16,9
							15,3	8,3	5,9	24,6	2,7	17,1

Lambahópurinn undan Vafa 09-310 hefur talsverða yfirburði hér og eru báðir aðalhlutar rannsóknarinnar að skila honum miklum yfirburðum. Í kjötmatinu er það lítil fita sláturlambanna, sem lang mest leggur til og í líflambaskoðun er samanburðurinn á ómmælingum einnig mjög hagstæður. Vafi er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir hans er Hylur 01-883. Fylliraftur 10-302 á þarna lambahóp, sem skilar miklum yfirburðum. Kjötmatssamanburður er jákvæður um báða matsþættina og skoðun lifandi lambanna skilar líka heilmiklum yfirburðum í mati og mælingum. Fylliraftur er sonur Rafts 05-966 en móðurfaðirinn er Kubbur 02-022, sem er sonur Haga 98-857. Litli-Sindri 11-301 er með lambahóp þar sem allra yfirburðanna er að leita í líflambahlutanum þar sem samanburður er mjög jákvæður. Litli-Sindri er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir hans er Kúði 06-605, sem er sonur Týs 02-929. Hópurinn hjá Dimmi 09-305 er í samanburði á niðurstöðum ákaflega keimlíkur lömbunum undan Litla-Sindra, ef til vill örlítið feitari lömb undan Dimmi. Dimmir er sonur Dökkva 07-809 en móðurfaðir hans Trassi 00-003.

Hofsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Spori	11-264	Hriflon	07-837	101,8	126,3	114,1	17,1	9,4	7,1	29,1	2,5	17,4
Lilli	11-268	Mikki	09-246	100,8	124,6	112,7	16,9	9,4	7,1	29,5	3,0	17,3
Andrés	09-244	Kveikur	05-965	112,2	111,5	111,9	17,8	10,6	7,7	28,8	2,6	17,5
Lord	11-265	Borði	08-838	104,6	112,2	108,4	17,4	9,9	7,4	29,3	2,9	17,2
Jökull	11-262	Kaldi	03-989	97,5	117,8	107,7	17,5	9,6	7,5	29,7	3,1	17,6
Stjáni	11-261	Laufi	08-848	111,8	103,1	107,5	17,0	9,7	7,0	28,2	2,7	17,4
Vori	11-263	Hriflon	07-837	110,9	102,2	106,6	16,6	9,7	6,9	28,5	3,0	17,4
Trausti	11-260	Frosti	07-843	113,8	89,6	101,7	16,5	8,8	6,2	28,6	3,6	17,3
Rap	09-250		07-236	88,0	112,4	100,2	17,1	9,6	7,7	28,7	2,8	17,4
Ágæti	11-259	Frosti	07-843	108,4	91,6	100,0	17,5	9,8	7,2	27,8	2,5	17,3
Mikki	09-246	Fannar	07-808	101,1	98,7	99,9	17,0	9,1	6,9	28,2	2,8	17,2
Lalli	08-243	Dindill	04-427	93,1	105,0	99,1	16,6	9,3	7,2	28,5	2,7	17,4
Olli	10-254	Hólmi	08-839	82,5	89,2	85,9	17,4	9,7	8,0	28,6	3,6	17,3
Herkúles	10-252	Freyðir	07-810	103,5	63,7	83,6	16,9	10,1	7,5	27,2	3,1	17,2
Monty	10-257	Kjarkur	08-840	64,8	59,2	62,0	17,6	8,8	8,0	27,1	3,1	17,0
							17,1	9,6	7,3	28,5	2,9	17,3

Hér er eins og oft áður talsvert stór rannsókn og ungir hrútar að vekja á sér athygli. Lambahópurinn sem kemur með hæsta heildareinkunn er undan Spora 11-264 en yfirburðina í rannsókninni er hann að sækja í skoðun lifandi lambanna, sem bæði mælast með þykkun bakvöðva og dæmast með góð lærahold. Spori er sonur Hriflonar 07-837 en móðurföðurfaðir er Fróði 04-963. Lambahóparnir undan Spora og Lilla 11-263 eru mjög líkir í tölulegum samanburði, hjá lömbunum undan Lilla eru það sömuleiðis yfirburðir úr líflambaskoðuninni sem telja. Lilli er sonur Mikka 09-246 en móðurfaðir hans er Tengill 05-

830. Andrés 09-244 hefur í rannsóknum hér á undangengnum tveim árum vakið athygli fyrir góða lambahópa. Núna eru lömbin undan honum mjög væn, það sem helst hefur þótt á skorta á undangengnum árum. Yfirburðir hans úr kjötmatinu um gerð eru algerir en lömbin örlítið í feitari kantinum. Eins og áður er líflambaskoðunin einnig að skila góðu enda lömbin prýðisvel gerð. Andrés er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir hans er Bessi 02-222. Lord 11-265 á lambahóp sem kemur vel yfir meðallag með kjötmatssamanburðinn og líflambaskoðunin leggur honum til enn meiri yfirburði enda lambahópurinn kostamikill. Lord er sonur Borða 08-838 en móðurföðurfaðir er Fróði 04-963.

Hjarðarfell

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Klaki	11-772	Frosti	07-843	120,1	144,0	132,1	17,4	9,7	6,2	29,2	2,7	17,6
Vinur	11-773	Hriflon	07-837	128,6	118,8	123,7	17,5	9,6	5,8	28,3	2,5	17,4
Vafi	09-510	Þróttur	04-991	107,7	133,8	120,8	18,9	10,8	7,5	29,2	3,1	17,6
Lindi	11-774	Borði	08-838	98,9	139,2	119,1	17,6	9,7	6,9	29,5	3,3	17,6
Fannar	10-765	At	06-806	116,2	110,0	113,1	15,8	8,5	5,4	27,7	2,4	17,3
Þráður	07-742	Kveikur	05-965	107,4	109,6	108,5	17,8	9,6	6,6	27,7	2,4	17,4
Kvistur	08-748	Raftur	05-966	112,0	100,1	106,1	17,1	9,5	6,3	27,9	2,8	17,5
Sindri	10-759	Magni	06-730	95,9	112,2	104,1	19,2	10,5	7,7	29,5	4,0	17,3
Snær	10-761	Lokkur	09-752	83,5	120,1	101,8	18,6	9,7	7,5	28,6	3,1	17,3
Sólon	11-769	Ás	04-813	104,6	92,4	98,5	18,4	9,2	6,4	28,0	3,4	17,2
Stúfur	11-771	Silfri	10-760	107,6	85,9	96,8	19,9	10,7	7,5	27,6	3,3	17,6
Völlur	11-770	Snær	10-761	108,7	80,9	94,8	17,0	9,1	6,1	27,3	3,3	17,5
Strengur	11-768	Bogi	04-814	88,6	88,3	88,5	17,7	9,9	7,4	28,1	4,1	17,4
Grámann	10-766	Bónði	09-758	83,8	87,7	85,8	16,2	9,2	7,1	27,3	3,2	17,2
Silfri	10-760	Magni	06-730	93,3	77,7	85,5	17,9	9,4	6,9	27,2	3,4	17,3
Klettur	09-755	Kveikur	05-965	100,4	62,9	81,7	17,7	10,2	7,2	26,3	2,7	17,4
Skúmur	09-753	Kjói	04-816	96,7	61,8	79,3	17,6	9,3	6,7	26,7	3,6	17,3
Toppur	09-757	Kvistur	08-748	63,3	61,3	62,3	16,5	8,5	7,0	26,7	3,1	17,2
							17,7	9,6	6,8	27,9	3,1	17,4

Á Hjarðafelli var unnin afkvæmarannsókn fyrir sæðingstöðvarnar en í því uppgjöri sem áður er birt eru aðeins upplýsingar um hyrndu hrútana sem voru í samanburði. Hér eru því niðurstöður fyrir alla hrúta búsin, hvort heldur sem er hyrnda eða kollóttu. Hyrndu hrútarnir raðast ofar en þeir kollóttu og er munurinn á bakvöðvapykkt milli þessar hópa meginskýringin. Efstur stendur Klaki 11-772 sonur Fresta 97-843 frá Bjarnastöðum og dóttursonur Lása 02-944. Yfirburðir hans liggja í þykkum bakvöðva og fituleysi samhlíða góðri gerð. Ákveðið hafði verið að fala Klaka til notkunar á sæðingastöð þegar hann lenti í slysi sem stoppaði það að hann fengi heilbrigðissskoðun. Vinur 11-773 á einnig öflugann hóp lamba þar sem fituleysi fleytir þeim langt áfram. Vinur er einn fjölmargra sona Hriflons 07-837 og móðurfaðir hans Stormur 06-735 sem var sonur Yls 05-805. Af kollóttu hrútunum standa efstir þeir Sindri 10-759 og Snær 10-761. Sindri gefur lömb með þykkum bakvöðva en þau eru með feitari afkvæmahópum í rannsókninni sýna líka gríðarlegt útslag í fallþunga. Snær gefur fituminni lömb en Sindri ásamt góðum vænleika. Báðir eru þessi kappar afkomendur Magna 06-730 sem stendur í dag á bak við kollóttu stofninn á Hjarðafelli, Sindri sonur hans og Snær sonarsonur.

Álftavatn

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Putti	11-324	Hriflon	07-837	115,0	125,9	120,5	15,6	9,5	6,2	27,0	2,8	17,2
Þvengur	08-608	Þráður	06-996	97,0	126,9	112,0	16,0	9,4	6,6	27,6	2,7	17,2
Roði	11-321	Borði	08-838	96,1	119,0	107,6	16,0	9,2	6,4	27,3	3,2	17,4
Snær	11-325	Fannar	07-808	103,8	104,4	104,1	15,1	10,0	6,8	27,0	4,0	17,1
Nappi	11-335	Mundason	10-521	111,6	96,1	103,9	16,6	10,6	7,1	26,3	3,5	17,2
Hryggur	10-320	Blakkur	07-865	80,6	118,2	99,4	15,6	9,3	7,2	27,5	3,8	17,4
Skuggi	11-337	Máni	09-849	95,7	90,4	93,1	16,4	9,5	6,8	26,3	3,5	16,9
Botni	10-316	Grábotni	06-833	103,1	81,1	92,1	16,5	9,7	6,7	26,0	3,5	16,9
Fleki	11-331	Fannar	07-808	80,7	101,2	91,0	16,2	9,2	7,1	26,8	3,6	16,9
Garður	09-310	Garður	05-802	113,5	52,5	83,0	15,5	9,5	6,2	24,8	3,8	16,8
							15,9	9,6	6,7	26,5	3,4	17,0

Í þessari rannsókn er ósamræmi á niðurstöðum aðalþátta rannsóknarinnar heldur mikið fyrir suma afkvæmahópana. Langefstur stendur hópurinn undan Putta 11-324 og eru yfirburðir umtalsverðir fyrir báða þætti rannsóknarinnar. Í kjötmatinu er það fituleysi lambanna sem leggur meira til yfirburðanna en þau eru einnig ágætlega gerð. Samanburður bakvöðvamælinganna skilar einnig verulegum yfirburðum. Putti er sonur Hriflonar 07-837 en móðurfaðir hans Kveikur 05-965. Þvengur 08-608 á Fossi á þarna ágætan lambahóp en reiknaða yfirburði í rannsókninni er hann alla að sækja í lambamælingarnar þar sem bakvöðvi er þykkur og lærahold góð. Þvengur er sonur Þráðar 06-996 en Þvengur er fæddur í Gaul. Roði 11-321 á þarna lambahóp þar sem yfirburðirnir í rannsókninni eru allir að koma frá líflambahlutanum en þessi lambahópur fær hæst mat fyrir lærahold. Roði er sonur Borða 08-838 en móðurfaðir hans er Púki 06-807. Nappi 11-335 á þarna þann lambahópinn, sem gefur langbesta mat fyrir gerð hjá sláturlömbunum. Nappi er sonur Mundasonar 10-521 í Gaul en móðurfaðir hans er Kjalvar 02-943 og síðan bætist Bjargvættur 97-869 við sem móðurmóðurfaðir Nappa.

Dalasysla

Vífilsdalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kútur	10-452		05-316	105,0	128,1	116,6	15,6	8,2	6,0	26,4	2,7	17,3
Laufar	11-455	Laufi	08-848	111,4	110,8	111,1	15,5	8,2	5,8	25,9	2,9	17,1
smári	11-454	Kóngur	04-829	104,8	104,5	104,7	15,1	8,6	6,2	25,2	2,4	17,1
Lolli	09-440	Olli	06-985	94,1	112,7	103,4	15,3	8,4	6,4	26,0	2,8	17,2
Gunnfinnur	09-462	Púki	06-807	94,9	99,5	97,2	14,8	7,8	5,9	25,3	2,6	17,1
Ostur	11-453	Kostur	09-851	91,5	102,0	96,8	14,9	8,1	6,2	25,1	2,4	17,3
Jordan	10-106	Grábotni	06-833	101,2	86,0	93,6	15,3	8,4	6,2	24,9	2,8	16,8
Bjartur	11-460	Skrauti	07-826	93,0	72,1	82,6	16,2	8,0	6,3	24,5	3,0	16,8
							15,3	8,2	6,1	25,4	2,7	17,1

Hér eru tveir afkvæmahópar sem rétt er að horfa talsvert nánar á. Efstur stendur hópurinn undan Kúti 10-452 og eru yfirburðirnir hjá honum tilkomnir vegna þykkari vöðva bæði á baki og í lærum en hjá lömbum í hinum hópnum auk þess sem lömbin eru fitulítill. Kútur kemur frá Dunki og faðir hans 05-316 var undan Hnokka 00-918 en móðir hans var skyldleikaræktuð dóttir Háleggs 01-312 þar sem hann er bæði faðir hennar og föðurfaðir en Háleggur var hrútur undan Dali 07-838, sem Kjartan notaði lengi og reyndist með miklum ágætum. Laufar 11-455 er með afkvæmahóp sem sýnir góða yfirburði í báðum meginþáttum rannsóknarinnar en yfirburðina sækir hann mesta í litla fitu. Hér er athyglisverður hrútur undan Laufa 08-848 en móðurfaðir þessa hrúts er Dökkvi 07-809. Lömbunum á báðum þessum afkvæmahópum er það sammerkt að vænleiki þeirra er vel yfir meðallagi allra lamba í rannsókninni.

Hlíðarbúin, Hörðudal

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Þór	09-681	Fannar	07-808	108,1	138,6	123,4	15,6	8,1	6,2	26,3	3,0	16,8
Nani	10-105	Grábotni	06-833	111,3	107,5	109,4	15,1	8,1	6,0	25,8	3,7	16,8
Steinríkur	11-115	Laufi	08-848	111,3	103,6	107,5	17,2	8,6	6,7	26,0	4,2	17,0
Finnsi	09-682	Logi	07-321	94,2	116,7	105,5	15,1	8,2	6,6	26,0	3,5	17,1
Ástríkur	11-114	Laufi	08-848	84,0	124,3	104,2	16,7	7,7	6,9	25,8	3,2	17,0
Benni	10-107	Finnsi	09-682	105,1	99,0	102,1	16,2	8,1	6,4	25,6	4,1	16,8
Sjóðríkur	11-116	Borði	08-838	95,5	105,4	100,5	16,9	8,5	7,1	25,4	3,5	17,0
Máni	08-680	Bifur	06-994	92,5	104,6	98,6	15,4	7,8	6,4	24,8	2,9	16,8
Hreinn	09-693	Kjóí	04-816	89,1	65,2	77,2	16,4	7,9	6,8	23,4	3,5	16,7
Gráni	08-101		07-061	105,0	36,8	70,9	15,4	8,0	6,2	22,5	3,7	16,8
							16,0	8,1	6,5	25,2	3,5	16,9

Þór 09-681 er eins og undanfarin tvö ár með þann hóp sem stígur hæst í afkvæmarannsókninni hér. Eins og þá er það mikil bakvöðvapykkt lambanna sem mest lyftir þeim. Þau hafa einnig fremur litla fitu en vænleiki lambanna í hópnum er að þessu sinni aðeins undir meðaltali allra lamba í rannsókninni. Þykkann bakvöðva erfir Þór vafalítið frá föður sínum Fannari 07-808 en Þór er fenginn lambið frá Háafelli og er móðurföðurfaðir hans Sjóður 97-846. Nani 10-105 á þarna hóp af fremur jafnvel gerðum lömbum en hann er svartsbotnóttur sonur Grábotna 06-833. Vænleiki lambanna undan Nana er nokkuð undir meðallagi rannsóknarinnar. Að síðustu skal athygli beint að afkvæmahópi undan Steinríki 11-115. Lömbin undan honum bera af með þunga og eru ágætlega gerð en hrútur þessi er undan Laufa 08-848 en í móðurætt hans eru bæði Lóði 00-871 og Spakur 00-909 og líklegra en ekki að gerðin sé að einhverju leyti þangað sótt.

Skörð

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Bekkur	10-632	Korði	09-630	110,3	184,4	147,4	17,2	10,0	7,1	28,5	2,7	17,2
	11-067	Borði	08-838	113,5	168,8	141,2	14,9	8,9	5,9	28,4	3,2	17,3
	10-052	Raftur	05-966	110,0	157,7	133,9	15,8	9,4	6,5	27,4	2,5	17,2
	11-069	Máni	09-849	96,5	132,2	114,4	15,6	9,2	6,7	27,0	3,3	17,0
	09-066		08-054	113,9	107,1	110,5	15,0	8,4	5,6	25,6	2,7	16,9
	11-065	Sokki	07-835	102,6	99,7	101,2	16,5	9,4	6,8	25,4	2,6	17,0
	11-068	Laufi	08-848	105,5	86,7	96,1	16,9	9,3	6,7	25,8	3,4	17,1
	10-051	Gotti	05-804	108,6	77,8	93,2	15,1	8,6	5,9	24,6	3,2	17,0
	10-058	Dropi	08-052	80,1	82,3	81,2	15,7	9,0	7,0	25,4	3,7	16,7
	11-061	Steri	07-855	107,5	52,7	80,1	15,3	8,7	6,0	24,6	4,4	17,0
	09-061	Mókollur	03-978	100,9	53,8	77,4	15,3	8,7	6,2	23,6	3,5	16,7
	11-064	Blossi	07-823	95,9	55,5	75,7	16,0	8,9	6,6	23,8	3,4	16,9
	11-063	Hukki	06-841	72,1	24,0	48,1	16,3	8,8	7,2	23,8	3,5	16,5
							15,8	9,0	6,5	25,7	3,2	17,0

Í þessari stóru rannsókn hér þá kemur fram ótrúlega mikill munur á afkvæmahópunum. Í heildareinkunn stendur efstur hópur undan Bekki 10-632 og kemur hann með yfirburðina öðru fremur úr þykkum bakvöðva hjá lömbunum úr ómmælingunum en einnig eru umtalsverðir yfirburðir sláturlamba fyrir gerð í kjötmatinu. Þá eru yfirburðir í fallþunga verulegir og eru þeir að verulegum hluta tilkomnir vegna þess hve lömbin undan honum skerast með háa kjötprósentu. Bekkur er fenginn veturgamall frá Hesti. Hann er undan Korða 09-630 sem var sonur Borða 08-838 en móðurfaðir hans er Tindur 07-211 þannig að Kveiksblóðið er mjög mikið hjá þessum hrúti. Lítt að baki hópnun undan Bekki koma lömbin undan hrúti 11-067. Lömbin undan honum eru einnig að sækja mest af sínum yfirburðum til mikillar vöðvafyllingar bæði á baki og í lærum auk þess sem þau hafa litla fitu. Vænleikinn hjá þessum lambahópi er heldur undir meðaltali. Þessi hrútur er skyldur Bekki vegna þess að hann er sonur Borða 08-838 en móðurfaðir hans var Túlíníus 05-061, sem var skyldleikaræktaður hrútur undan Túla 98-858. Hrútur 10-052, sem stóð efstur í rannsókn haustið 2011 mætir hér með öflugan lambahóp og eins og hjá fyrnefndu hrútunum er það mikil vöðvafylling, sem telur mest. Kjöttgæði hjá afkvæmum hans koma vart að óvart vegna þess að þetta er sonur Rafts 05-966 og dóttursonur Kveiks 05-965. Lambahópurinn undan hrúti 11-069 sækir yfirburði sína fyrst og fremst í þykkum bakvöðva en hann er undan Mána 09-849 en móðurfaðir hér er Túli 98-858. Hrútur 09-066 hefur áður verið með góða lambahópa í rannsóknum hér á búinu og er svo enn. Þessi hrútur er sonarsonur Rafts 05-966.

Háafell

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Golsi	10-328	Grábotni	06-833	125,6	113,4	119,5	16,3	9,2	6,0	27,9	2,6	17,4
Mars	09-347	Kveikur	05-965	102,9	124,2	113,6	17,2	8,8	6,5	28,2	2,6	17,4
Spaði	11-335	Laufi	08-848	101,3	124,2	112,8	15,6	7,8	5,7	28,3	2,4	17,3
Nonni	11-340	Botni	10-329	121,2	100,7	111,0	17,2	8,9	6,0	27,9	3,2	17,5
Úranus	09-346	Kveikur	05-965	107,4	114,0	110,7	16,6	8,8	6,3	28,2	2,7	17,4
Hrólfur	10-322	Hriflon	07-837	117,1	101,6	109,4	15,6	8,8	5,9	27,4	2,6	17,3
Glampi	10-333	Neisti	06-822	80,3	130,3	105,3	16,2	8,3	6,7	29,9	3,7	17,2
Manni	11-337	Sokki	07-835	98,1	111,4	104,8	16,9	8,6	6,5	27,7	2,3	17,6
Reykur	10-334	Gotti	05-804	102,2	80,6	91,4	17,0	8,5	6,3	26,5	2,6	17,1
Botni	10-329	Grábotni	06-833	100,9	78,4	89,7	16,9	8,3	6,2	26,7	2,8	17,2
Styggur	11-336	Hrólfur	10-322	101,7	72,2	87,0	15,7	8,4	6,1	26,3	3,0	17,2
Tígull	11-339	Laufi	08-848	98,1	58,6	78,4	15,6	8,4	6,2	25,8	3,0	17,1
Gosi	11-341	Borði	08-838	59,9	95,9	77,9	16,6	8,6	7,6	27,6	3,7	17,3
							16,4	8,6	6,3	27,7	2,9	17,3

Hér er nokkuð umfangsmikil rannsókn og nokkrir afkvæmahópar sem nánari athygli skal beint að. Í heildareinkunn stendur efstur Golsi 10-328 og eru yfirburðir hans úr báðum aðalþáttum rannsóknarinnar þó að mestir séu þeir hjá sláturlömbunum. Þetta er einn fjölmargra sona Grábotna 06-833 en móðurfaðir hans var golsóttur hrútur undan Bjargvætti 97-869. Lömbin undan Mars 09-347 eru þroskamikil og hafa þykkan bakvöðva og góð lærahold en Mars er undan Kveiki 05-965 og móðurfaðir hans Klettur 03-352 var sonur Stapa 98-866. Spaði 11-335 á lambahóp þar sem yfirburðirnir eru líka að mestu komnir frá bakvöðvamælingum en fitumatið er einnig hagfellt. Spaði er sonur Laufa 08-848 en móðurföðurfaðir Höfðingi 03-959, sem héðan koma á stöð á sínum tíma. Nonni 11-340 er þarna með hóp þroskamikilla lamba sem koma með yfirburði sína úr kjötmati en mat bæði um fitu og gerð er þrýðilegt. Hrútur þessi er sonarsonur Grábotna 06-833 og Raftur 05-966 er móðurföðurfaðir hans. Að lokum skal bent á afkvæmahópinn undan Úranusi 09-346 sem kemur með góða yfirburði úr báðum aðalþáttum rannsóknarinnar en Úranus er sonur Kveiks 05-965 og móðurfaðir hans Höfðingi 03-959, sem áður er nefndur.

Stóra Vatnshorn

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Rosti	11-042	Hriflon	07-837	144,8	129,7	137,3	16,9	11,2	6,5	29,7	3,0	17,7
Þrymur	11-043	Borði	08-838	105,1	109,5	107,3	19,1	10,9	7,4	29,1	3,1	17,4
	09-028	Kveikur	05-965	92,4	117,7	105,1	19,0	10,5	7,5	29,4	3,1	17,5
	11-039	Hukki	06-841	101,2	107,5	104,4	18,1	9,6	6,6	28,8	2,6	17,4
	11-046	Laufi	08-848	100,2	98,6	99,4	18,7	9,8	6,8	28,8	3,1	17,4
Farði	09-029	Kveikur	05-965	99,4	93,4	96,4	17,7	10,0	6,9	28,5	3,2	17,3
	11-040	Hriflon	07-837	86,8	100,9	93,9	18,0	10,0	7,3	28,5	2,9	17,4
Kraftur	08-022	Raftur	05-966	94,6	77,5	86,1	18,4	10,2	7,2	28,1	3,3	17,3
Hraustur	07-015	Kveikur	05-965	57,3	68,8	63,1	17,8	9,7	7,8	28,0	3,4	17,1
							18,2	10,2	7,1	28,8	3,1	17,4

Í þessari rannsókn fellur mjög mikið af yfirburðunum í hlut afkvæmahópsins undan Rosta 11-042. Lömbin eru með afbrigðum vel gerð með þykkan bakvöðva, mikil lærahold og litla fitu. Hins vegar eru lömbin létt í samanburði afkvæmahópanna en stór hluti þeirra var talsvert yngri en önnur lömb í rannsókninni (fædd í júní). Í heildina er hins vegar vænleiki lamba í þessari rannsókn mjög mikill. Rosti er dóttursonur hrúts 05-005, sem var feikilega mikill kjöttgæðahrútur undan Kulda 03-924. Rétt er einnig að benda á afkvæmahópinn undan Þrymi 11-043 en þau lömb eru rígvæn og gríðarlega vel vöðvafyllt. Þrymur er sonur Borða 08-838 og móðurfaðir hans er Kveikur 05-965.

Vatn

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Ísleifur	09-090	Flóki	08-363	122,2	119,1	120,7	18,4	9,7	7,2	28,4	2,7	17,4
Guðni	10-135	Maríus	08-107	94,6	123,5	109,1	19,0	9,5	7,9	29,0	3,1	17,4
Alur	10-086	Svalur	08-342	106,0	111,8	108,9	19,2	9,8	7,8	27,9	2,7	17,4
	09-092	Garður	05-802	119,8	94,2	107,0	18,7	9,8	7,3	27,7	3,5	17,4
Ylur	09-091	Ylur	05-805	97,0	116,7	106,9	18,3	9,3	7,6	28,6	3,1	17,4
James	11-298	Frosti	07-843	108,4	105,2	106,8	18,1	9,4	7,3	27,4	2,6	17,4
Hnallur	08-084	Hnallur	02-138	99,2	70,4	84,8	17,9	9,0	7,3	26,0	3,2	17,3
Skafthi	10-085	Hnallur	08-084	89,7	73,2	81,5	17,8	8,9	7,5	26,6	3,5	17,3
Rósi	10-084		07-340	70,6	82,1	76,4	18,2	8,9	8,1	26,6	3,0	17,2
							18,4	9,4	7,6	27,6	3,0	17,4

Afkvæmahópurinn undan Ísleifi 09-090 ber nokkuð af hinum hópnum um flesta eiginleika. Lömbin eru ágætlega vel vöðvafyllt og vel gerð. Ísleifur er fenginn frá Giljahlíð í Flókadal sonur Flóka 08-363 sem var einn afbragðshrúta undan Rafti 05-966 en móðurfaðir Ísleifs, Asi 04-361 var sonur Abels 00-890. Guðni 10-135 á þarna ákaflega væn lömb með góðar bakvöðvamælingar en fita er aðeins of mikil. Þessi hrútur er frá Bakkakoti í Stafholtstungum undan Maríusi 08-107 sem var úrvalshrútur frá Bjarnastöðum í Öxarfirði en móðurfaðir Guðna er Lóði 00-871. Alur 10-086 er þarna með hóp rígvænna lamba sem eru mjög jafnvel gerð. Alur er undan Svali 08-342 sem er hrútur sem kom frá Hagalandi í Bistilfirði. Uppruni topphrútanna hér er því all fjölbreyttur.

Leiðólfstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Blossi	11-323	Kveikur	05-965	114,6	128,5	121,6	16,5	9,1	6,3	26,4	2,7	17,1
Askur	10-329	Grábotni	06-833	108,2	123,0	115,6	15,0	8,7	6,1	25,6	2,9	17,2
Toppur	10-333	Hvellur	05-969	112,1	104,6	108,4	15,4	9,0	6,3	25,6	3,6	16,9
Ljúfur	10-327	Grábotni Skugga	06-833	102,2	110,9	106,6	17,8	9,6	7,4	25,7	3,1	17,0
Höfðingi	10-328	Sveinn	07-876	90,1	120,4	105,3	15,5	8,4	6,6	25,2	2,7	16,8
Dimon	10-334	Undri	05-818	110,3	87,8	99,1	16,4	9,1	6,6	25,0	3,9	16,9
Bjarmi	11-321	Borði	08-838	102,9	90,7	96,8	15,5	8,6	6,3	24,7	3,3	16,9
	08-297	Þráður	06-996	87,0	95,3	91,2	14,9	8,1	6,3	24,5	2,8	16,8
Máni	09-322	Reykur	08-324	83,7	69,7	76,7	15,1	8,5	6,8	23,1	3,1	16,9
Logi	09-324	Mókollur	03-978	77,0	48,7	62,9	16,1	8,6	7,3	22,4	3,9	16,7
							15,8	8,8	6,6	24,8	3,2	16,9

Í þessari rannsókn þá sýna lömbin undan Blossa 11-323 glögga yfirburði í báðum meginþáttum rannsóknarinnar og þungasamanburður er hópnum einnig hagstæður. Lömbin hafa góða vöðvafyllingu og gerð. Blossi er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir hans er Dropi 06-998. Lömbin undan Askí 10-329 koma vel út í samanburði á bakvöðvamælingunum og sömuleiðis fitumati. Askur er undan Grábotna 06-833. Lambahópurinn undan Toppi 10-333 kemur vel út í kjötmatssamanburðinum en þetta er sonur Hvels 05-969 og móðurfaðir hans Bogi 06-339 var undan Mími 04-951. Líkt og haustið 2011 sýnir lambahópurinn undan Ljúfi 10-327 mjög mikla yfirburði í vænleika lambanna en hér fer annar sonur Grábotna 06-833 á þessu búi.

Hróðnýjarstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kastró	09-537	Kveikur	05-965	119,2	116,6	117,9	15,1	8,7	5,6	26,9	2,6	16,9
Glámur	09-530	Ylur	05-805	100,8	123,1	112,0	15,6	8,5	6,0	27,7	3,2	17,1
Hlutur	09-528	Kveikur	05-965	105,3	111,5	108,4	14,9	8,5	5,8	27,4	3,3	17,1
Tónn	10-529	Tenór	08-873	94,7	116,4	105,6	15,4	8,3	6,0	26,9	2,8	17,1
Barki	11-535	Tónn	10-529	97,1	112,7	104,9	15,2	8,1	5,8	27,3	3,0	17,0
Stólpi	11-532	Staur	10-214	93,6	116,0	104,8	16,6	9,2	6,8	27,3	2,9	17,2
Melur	08-533	Reki	05-339	100,1	108,9	104,5	15,1	8,4	5,9	27,1	3,1	17,3
Morgann	10-526	Broddi	07-015	96,1	95,7	95,9	15,7	8,9	6,4	26,5	3,2	17,2
Brandur	10-527	Borði	08-838	105,4	78,8	92,1	15,5	8,7	6,0	25,6	3,0	17,1
	11-536	Tvinni	10-523	82,2	95,4	88,8	15,0	8,4	6,5	26,3	3,0	17,3
Dalur	07-538	Bogi	04-814	93,3	53,5	73,4	15,5	7,9	5,8	25,2	3,6	16,9
							15,4	8,5	6,0	26,8	3,1	17,1

Hér er það lambahópurinn undan Kastró 09-537 sem er á toppinum og eru yfirburðir hans úr kjötmatshlutanum sérstaklega glöggir en sterkasti eiginleiki hjá afkvæmum hans virðist lítil fita hjá þeim. Kastró kemur frá Geirmundarstöðum og er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir hans er Snúður 00-911. Hjá afkvæmum Gláms 09-530 koma allir yfirburðirnir úr líflambaþætti rannsóknarinnar en bakvöðvi er þar þykkur. Glámur er fenginn frá Hallsstöðum og er sonur Yls 05-805 en móðurfaðir hans Dóni 00-872. Afkvæmahópurinn undan Hluti 09-528 sýnir nokkra yfirburði um báða þætti í rannsókninni. Hlutur er eins og Kastró fenginn frá Geirmundarstöðum og er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir hans er Lundi 03-945. Pungasamanburður er örlítið í óhag hjá lömbum undan báðum Kveikssonunum þannig að einhverjir örlitlir „reiknaðir“ yfirburðir eru í niðurstöðunum fyrir þá.

Svarfhóll

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	11-511	Borði	08-838	130,1	122,5	126,3	16,7	9,6	5,9	28,0	3,4	17,3
	09-500	Tenór	08-873	126,1	126,2	126,2	16,3	9,0	5,6	27,9	3,2	17,0
Fáfnir	10-510	Raftur	05-966	114,3	126,2	120,3	16,3	8,6	5,6	28,4	3,6	17,2
Tóti	10-500	Svali	09-257	101,2	130,7	116,0	16,2	9,0	6,3	27,8	3,1	16,9
	09-501	Ketill	08-497	108,8	110,9	109,9	16,5	8,8	6,0	27,5	3,6	17,0
Glotti	11-509	Borði	08-838	112,7	106,2	109,5	16,2	10,3	6,8	27,3	3,4	16,9
Gaui	10-505	Texel	05-176	116,3	95,0	105,7	17,0	8,7	5,8	26,6	3,4	16,8
	09-510	Kveikur	05-965	87,1	122,8	105,0	17,0	9,5	7,2	27,5	3,0	17,0
Frændi	06-020		04-411	107,5	101,7	104,6	16,3	8,8	6,0	26,8	3,4	16,9
	08-510	Loki	06-404	105,5	93,7	99,6	16,8	8,9	6,2	26,3	3,1	16,9
Bruni	08-507	Logi	07-825	94,6	104,3	99,5	17,6	10,1	7,5	27,2	3,9	17,0
Neisti	11-502	Blossi	07-823	98,8	99,9	99,4	17,0	9,1	6,6	26,7	3,6	17,0
Höttur	10-507	Hrói	07-836	73,9	88,2	81,1	17,4	8,7	7,2	27,0	3,9	16,9
	10-506	Svaki	08-115	98,0	61,8	79,9	16,4	8,8	6,3	25,1	3,9	16,9
Aspar	11-510	Laufi	08-848	91,4	60,9	76,2	17,1	8,3	6,3	25,5	3,3	16,7
	08-513	Fengur	07-500	59,7	79,2	69,5	17,0	9,1	7,7	25,9	3,2	16,9
Gráni	11-508	Askur	10-329	77,6	60,4	69,0	16,5	8,3	6,7	25,0	3,4	16,7
							16,7	9,0	6,5	26,9	3,4	17,0

Hér er ein af umfangsmeiri rannsóknum haustsins hvað varðar fjölda afkvæmahópa. Hársbreidd skilur að efstu hópana í heildareinkunn. Hrúturinn 11-511 stendur þar á toppinum og eru kjötmatzniðurstöður hans hagfelldastar allra hópanna um leið og hann er með besta lærastigun lifandi lambanna. Þessi hrútur er sonur Borða 08-838 en móðurfaðir hans 05-511, sem var undan Gára 02-904 var topphrútur í afkvæmarannsóknum hér á búinu á sínum tíma. Hrútur 09-500 hefur áður átt góða afkvæmahópa en sýnir samt talsvert betri niðurstöður nú í samanburði en áður. Hans sterkasti eiginleiki er lítil fita auk þess sem hann skilar þykkum bakvöðva til afkvæma sinna. Þessi hrútur er fenginn frá Geirmundarstöðum og er faðir hans Tenór 08-873 en meira Kveiksblóð er í honum vegna þess að móðurfaðir hans Spotti 07-539 var einnig sonur Kveiks 05-965. Fáfnir 10-510 átti hópinn í öðru sæti haustið 2011 og mætir nú aftur til leiks með sterkan hóp þar sem fituleysi og lærahold lambanna vega þyngst í yfirburðum. Fáfnir er undan Rafti 05-966 en móðurfaðir er Póstur 04-501. Tóti 10-500 mætir til leiks með lambahóp þar sem nánast allir yfirburðirnir í rannsókninni eru frá stigun og mælingum lifandi lambanna. Tóti er fenginn frá Bæ 1 í Hrótafirði og faðir hans Svali 09-257 frá Hafrafellstungu en móðurfaðirinn Smári 03-260 frá Sveinungsvík. Að lokum skal bent á að sigurvegari rannsóknanna frá síðasta ári hrútur 09-501 er nú aftur mættur með hóp vel gerðra lamba en hrútur þessi er frá Ásgarði undan Katli 08-497 og móðurfaðir hans er Lási 02-944.

Ásgarður

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kópur	11-427	Borði	08-838	108,3	126,5	117,4	16,7	10,1	7,1	29,8	3,1	17,7
Spakur	11-429	Máni	10-414	119,1	106,8	113,0	17,4	9,4	6,3	29,0	2,8	17,3
Hershöfðingi	11-128	Sær	09-521	100,8	117,8	109,3	17,7	10,8	7,9	29,9	3,2	17,9
Spotti	11-420	Kveikur	05-965	101,9	111,9	106,9	17,1	9,9	7,2	29,4	3,2	17,6
Randver	11-426	Borði	08-838	94,3	114,1	104,2	16,7	9,4	7,1	29,3	3,3	17,3
Bætir	11-423	Sokki	07-835	107,4	94,9	101,2	16,3	8,9	6,3	28,8	3,4	17,5
Tinni	11-425	Sokki	07-835	98,7	95,9	97,3	15,9	9,6	7,0	27,9	2,7	17,4
Glanni	11-421	Stáli	06-831	104,4	66,1	85,3	16,5	8,9	6,4	27,2	3,1	17,3
Ósvífur	11-424	Sokki	07-835	76,5	90,2	83,4	16,9	9,2	7,6	29,0	3,9	17,2
Tígull	11-428	Laufi	08-848	93,8	68,8	81,3	16,7	9,1	6,9	27,8	4,0	17,6
							16,8	9,5	7,0	28,8	3,3	17,5

Rétt er að vekja athygli á að hér eru aðeins í samanburði afkvæmahópar undan veturgömlum hrútum eins og væri æskilegt að sjá sem víðast. Efstur í heildareinkunn stendur hópurinn undan Kópi 11-427 og fylgja honum mjög vöðvafyllt og vel gerð lömb. Kópur er sonur Borða 08-838 og móðurfaðir hans er Gári 02-904. Spakur 11-429 stendur á toppinum með kjötmatshluta rannsóknarinnar þar sem lítil fita lambanna kemur þeim verulega til tekna en yfirburðir þeirra í vænleika eru einnig góðir. Spakur er sonur Mána 10-414 sem var sigurvegari rannsóknarinnar á þessu búi haustið 2011 en móðurfaðir hans er Lykill 06-472. Hópurinn undan Hershöfðingja 11-128 er verulega athyglisverður. Afkvæmi hans eru feikilega vel vöðvafyllt bæði á baki og í lærum. Yfirburðir úr kjötmatinu eru mjög miklir fyrir gerð en lömbin full feit samkvæmt fitumati en vænleiki þeirra er mjög góður. Þessi hrútur á heima í Magnússkögum 3 en fæddur í Rauðbarðaholti og er hann sonur Sæs 09-521, sem var undan Yli 05-151 í Magnússkögum 3, en móðurfaðir Hershöfðingja er Áll 00-868 og lambhrútar undan þessari á (móður Hershöfðingja) stóðu í efsta sæti héraðssýningar lambhrúta í Dalasýslu bæði haustið 2010 og 2011.

Breiðabólstaður

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Fantur	10-738	Raftur	05-966	120,9	128,5	124,7	16,5	9,7	7,1	26,8	2,6	17,5
Hrani	07-711	Hylur	01-883	104,1	114,2	109,2	15,7	9,0	7,0	25,9	2,6	17,2
Prins	09-735	Kveikur	05-965	104,5	113,1	108,8	16,7	8,9	7,1	26,3	2,8	17,2
Blossi	07-705	Kveikur	05-965	101,9	105,4	103,7	17,0	9,6	7,7	26,2	3,2	17,4
Drumbur	10-745	Gormur	08-361	107,6	97,1	102,4	16,3	9,6	7,4	25,7	3,1	17,4
Páfi	06-795	Lundi	03-945	108,5	95,5	102,0	15,8	9,8	7,4	25,3	3,1	17,6
Sómi	06-790	Gaddur	04-950	92,6	101,9	97,3	16,0	8,7	7,2	25,5	2,7	17,4
Ári	09-736	Púki	06-807	99,1	93,8	96,5	16,9	10,1	8,1	26,0	3,6	17,4
Örn	07-708	Fróði	04-963	99,0	87,7	93,4	17,6	10,5	8,5	25,3	3,5	17,3
Glanni	10-739	Hólmi	08-839	68,8	72,4	70,6	16,9	9,3	8,5	24,7	3,5	17,1
							16,5	9,5	7,6	25,8	3,0	17,4

Lambahópurinn undan Fantu 10-738 er með ákaflega skýra yfirburði í þessari rannsókn fyrir báða meginþætti hennar enda eru lömbin vel þroskuð með þykka og vel lagaða vöðva og fita ekki mikil. Þessi eflingur er einn fjölmargra sona Rafts 05-966 en móðurfaðir hans er Dregill 03-947. Hrani 07-711 hefur áður sýnt mjög jákvæðar niðurstöður úr afkvæmarannsóknnum en að þessi sinni eru yfirburðir að stærri hluta úr líflambahluta rannsóknarinnar. Þungasamanburður hópanna er að þessu sinni honum í óhag en þar hefur hann áður staðið vel Hrani er sonur Hyls 01-883. Undan Prinsi 09-735 er ágætur lambahópur þar sem stærri hluti yfirburðanna er sóttur til ómsjarmælinganna. Prins er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir hans Bútur 00-725 og var sá hrútur sonur Mola 93-986.

Valþúfa

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Freri	11-309	Frosti	07-843	124,6	125,3	125,0	17,0	9,0	6,5	29,6	3,5	17,3
Pat	10-301	At	06-806	116,8	115,1	116,0	16,3	10,1	7,3	28,7	2,9	17,5
Bang	09-331	Hvellur	05-969	108,8	117,0	112,9	17,1	9,4	7,3	28,3	2,8	17,6
Gosi	10-304	Freyðir	07-810	119,6	104,7	112,2	17,6	9,6	7,3	27,7	2,9	17,2
Glotti	10-303	Gotti	05-804	106,5	116,7	111,6	17,5	9,0	7,2	28,3	2,7	17,4
	09-329	Glóðar	08-727	81,8	101,6	91,7	17,5	8,1	7,3	27,8	3,2	17,1
Pór Shaari	10-305	Hólmi	08-839	77,8	104,2	91,0	18,5	9,2	8,4	28,6	3,7	17,6
	08-325	Raftur	05-966	86,9	94,3	90,6	17,4	8,8	7,6	27,1	2,6	17,2
Skutur	10-302	Grábotni	06-833	85,5	89,7	87,6	19,2	8,8	8,1	28,4	3,8	17,4
Frosti	09-335	Kaldi	03-989	112,1	55,4	83,8	15,5	8,5	6,2	25,9	3,0	17,1
							17,4	9,1	7,3	28,0	3,1	17,3

Hér eru mjög skýrar niðurstöður um það að rannsóknin flokkar hópana greinilega í tvo hópa. Hríta, sem eiga lömb talsvert umfram meðaltal rannsóknarinnar um kjötgæði, og hinn hópinn, sem á lömb nokkuð undir meðaltalinu. Besti afkvæmahópurinn er sá undan Frera 11-309 en hann er nokkuð efstur um báða meginþætti rannsóknarinnar. Lömbin undan honum eru með þykkan vöðva og áberandi litla fitu. Freri er sonur Frosta 07-843 en móðurfaðir hans er Dregill 03-947. Pat 10-301 kemur með yfirburði sína nánast jafn frá báðum meginþáttum í rannsókninni og lömbin undan honum bera af í mati um gerð í kjötmati. Þungasamanburður er þessum afkvæmahópi hins vegar nokkuð í óhag. Pat er sonur At 06-806 en móðurfaðir hans er Áll 00-868. Bang 09-331 er með góðan lambahóp þar sem ívíð meira af yfirburðunum koma úr líflambapættinum og er hópurinn undan honum með hæstu lærastigin. Bang er sonur Hvels 05-969. Gosi 10-304 stóð vel í rannsókn 2011 og er aftur með ágætán hóp sem sækir áberandi meira yfirburðanna í kjötmatspátt rannsóknar. Gosi er sonur Freyðis 07-810 en móðurfaðir hans Dabbi 03-220 var hrútur frá Saurhóli. Undan Glotta 10-303 er sterkur lambahópur þar sem ómmælingar lambanna lyfta honum mest. Glotti er sonur Gotta 05-804 en móðurfaðir hans 06-309 var hrútur undan Gaddi 04-950.

Geirmundarstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Einir	11-539	Borði	08-838	116,9	158,7	137,8	17,5	10,7	6,8	30,3	2,8	17,9
Búi	11-540	Tenór	08-873	102,6	143,9	123,3	17,2	9,8	6,6	29,7	2,4	17,6
Hængur	10-533	Kjarkur	08-840	116,6	109,9	113,3	16,6	10,2	6,4	27,4	2,4	17,2
Mosi	11-538	Laufi	08-848	105,7	87,1	96,4	17,9	9,9	6,7	26,8	2,5	17,3
Gyrðir	11-542	Tenór	08-873	95,7	96,7	96,2	16,9	10,0	6,9	27,5	2,7	17,4
Tindur	11-543	Hriflon	07-837	101,0	85,7	93,4	16,3	9,4	6,2	27,1	3,0	17,1
Strammi	11-541	Tenór	08-873	91,1	93,6	92,4	17,1	9,3	6,6	27,4	2,7	17,0
Jötunn	10-534	Grábotni	06-833	100,7	82,1	91,4	17,7	10,0	6,9	27,2	3,2	17,2
Logi	10-532	Raftur	05-966	70,5	91,0	80,8	16,4	9,2	6,9	27,1	2,4	17,3
Garður	11-544	Stáli	06-831	98,1	57,4	77,8	16,2	9,6	6,4	25,8	2,9	16,9
							17,0	9,8	6,6	27,6	2,7	17,3

Hér mæta eingöngu til leiks lambahópar undan ungum hrútum. Lambahópurinn undan Eini 11-539 ber talsvert mikið af hinum hópurinn og sérstaklega eru yfirburður úr ómsjarmælingahluta rannsóknarinnar áberandi miklir. Lömbin eru þroskamikil með feikilega þykkan bakvöðva og góða gerð og fita er lítil. Lærastigun er ákaflega góð fyrir þessi lömb. Einir er sonur Borða 08-838 en móðurfaðir hans Spotti 07-539 var undan Kveiki 05-965. Búi 11-540 á þarna líka geysilega góðan lambahóp þar sem mjög þykkur bakvöðvi og lítil fita í fitumatinu eru þeir eiginleikar, sem hossa honum hæst. Búi er undan Tenóri 08-873 sem héðan kom inná stöðvarnar á síðasta ári en móðurfaðir Búa er Púki 06-807. Þriðji

úrvalshópurinn, sem gerð skal grein fyrir, er undan Hængi 10-533 en hann stóð efstur í rannsókn hér haustið 2011. Þessi lömb hafa þykkan bakvöðva þó að ekki keppi þau við áður nefnda kappi tvo í þeim efnum en auk þess er kjötmat hjá þessum lömbum ákaflega hagfellt. Hængur er eins og hinir tveir hrútarnir stórættaður þar sem faðir hans er Kjarkur 08-840 en móðurfaðir hans Ófeigur 06-510 hefur átt marga athyglisverða afkomendur í afkvæmarannsóknum á Skarðsströndinni á undanförunum árum.

Klifmýri

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Vogur	11-499	Tenór	08-873	121,7	134,5	128,1	15,8	9,4	5,9	27,9	2,3	17,5
Blossi	09-477	Kveikur	05-965	111,8	138,2	125,0	16,9	9,5	6,4	27,6	2,6	17,3
Gyllir	11-493	Hriflon	07-837	119,6	119,8	119,7	15,7	9,2	5,7	27,4	2,7	17,3
Völlur	11-494	Hukki	06-841	114,1	119,4	116,8	17,0	9,8	6,5	27,1	2,2	17,3
Bylur	10-488	Áni	08-466	103,5	116,6	110,1	15,8	9,2	6,3	26,8	2,5	17,4
Dúkur	11-495	Borði	08-838	97,5	122,0	109,8	15,2	9,0	6,3	27,6	2,7	17,4
Viður	11-496	Kvistur	07-866	94,6	110,0	102,3	16,7	9,6	6,9	27,1	2,7	17,3
Dáti	10-484	Stuðull	08-469	93,5	101,4	97,5	15,4	9,0	6,4	26,4	2,8	17,4
Sproti	10-480	Kvistur	07-866	91,9	100,4	96,2	16,1	9,3	6,7	26,7	2,8	17,1
Runni	11-492	Laufi	08-848	104,8	83,9	94,4	16,2	8,9	6,1	26,5	3,0	17,1
Lykill	11-491	Máni	09-849	78,4	108,5	93,5	15,9	9,1	7,0	26,9	2,8	17,3
Is	11-498	Frosti	07-843	99,1	87,4	93,3	16,2	9,1	6,4	25,8	2,6	16,9
Goði	10-487	Áni	08-466	95,6	68,3	82,0	15,7	9,5	6,7	25,4	2,7	17,0
Toppur	11-489	Dáti	10-484	94,0	69,2	81,6	16,5	9,0	6,5	25,5	3,0	17,0
Neisti	11-497	Blossi	09-477	81,7	69,1	75,4	17,0	8,9	6,8	25,8	3,1	17,2
Botni	10-482	Grábotni	06-833	82,8	33,8	58,3	16,2	9,3	7,0	24,3	3,1	16,9
							16,1	9,2	6,5	26,5	2,7	17,2

Eins og verið hefur oft á undanförunum árum er hér ein af stærri rannsóknunum á landinu þetta haustið. Efsti sætið skipar lambahópur undan Voggi 11-499 en hann er með besta útkomu í rannsókninni úr kjötmatshluta og ómsjarmælingahlutinn skipar honum næstefsta sætið þar. Lömbin hafa líka mjög góða vöðvafyllingu og eru mjög fitulítill. Þungasamanburður hópanna er lömbunum undan Voggi aðeins í óhag. Þessi hrútur er frá Geirmundarstöðum undan Tenóri 08-873 og er Hylur 01-883 móðurfaðir hans. Blossi 09-477 var í efsta sætinu í rannsókninni haustið 2011 og eins og þá eru yfirburðirnir að miklu stærri hluta komnir úr ómsjarmælingahlutanum í rannsókninni þó að kjötmatið sé einnig prýðisgott. Þungasamanburðurinn er þessum afkvæmahópi mikið í hag. Blossi er eins og Vogur fæddur á Geirmundarstöðum undan Kveiki 05-965 en móðurfaðir hans er Snúður 00-911. Gyllir 11-493 er með lambahóp sem nánast hnífjafnir yfirburðir koma frá báðum meginþáttum rannsóknarinnar enda lömbin vöðvuð og fitulítill. Þungasamaburður er hópnun heldur í óhag eins og hjá allmörgum sonum Hriflonar 07-837 en móðurfaðir Gyllis var Valur 04-440. Þá er þarna mjög góður lambahópur undan Velli 11-494 og sækir hann yfirburðina á bæði borð í rannsókninni auk þess sem þungasamburður fyrir þessi lömb er þeim mjög í hag. Völlur er sonur Hukka 06-841 um leið og hann er dóttursonur Kveiks 05-965. Að lokum skal nefna álittegan lambahóp, sem fylgir Byli 10-488, en talsvert meira af yfirburðum hjá þeim hópi eru fengnir úr ómsjarmælingaþætti rannsókna. Bylur er sonur Ána 08-466 sem var undan Grána 03-957 og reyndist þarna vel en Púki 06-807 er móðurfaðir Byls.

Kjarlaksvellir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Örvar	11-291	Bogi	04-814	129,6	134,4	132,0	18,0	9,4	6,0	28,3	2,6	17,5
	10-286	Hukki	06-841	107,8	132,6	120,2	17,9	10,8	7,8	28,9	2,9	17,6
	11-287	Kveikur	05-965	114,0	122,1	118,1	18,1	10,3	7,2	28,4	2,5	17,4
Ási	07-276	Gaur	06-032	102,4	109,1	105,8	18,0	8,9	6,7	27,6	2,7	17,4
	10-285	Seiður	09-527	111,1	99,3	105,2	18,7	9,7	7,0	27,8	3,6	17,2
	08-279	Ási	07-276	114,3	93,7	104,0	17,7	9,5	6,7	26,5	2,8	17,4
Kambur	07-274	Prins	04-287	90,4	114,4	102,4	17,8	8,9	7,1	27,4	2,7	17,4
Lolli	11-288	Kveikur	05-965	93,1	108,2	100,7	18,1	9,5	7,4	27,6	2,9	17,2
	10-284	Seiður	09-527	109,3	86,0	97,7	18,5	9,0	6,6	26,9	3,3	17,2
	10-283	Kambur	07-274	92,6	80,1	86,4	17,6	9,6	7,5	26,1	3,0	17,0
	07-271		05-253	95,1	58,8	77,0	18,5	10,1	7,8	26,2	3,6	17,2
	09-282	Púki	06-807	72,7	53,8	63,3	18,6	8,9	7,7	26,1	3,7	17,0
							18,1	9,6	7,1	27,3	3,0	17,3

Efstur í rannsókn hér stendur lambahópurinn undan Örvari 11-291 og er hann efstur í báðum aðalþáttum rannsóknarinnar. Lömbin hafa þykkan bakvöðva, góð lærahold og eru fitulítill. Örvar er sonur Boga 04-814 en móðurfaðir hans er Ási 07-276 frá Árbæ, sem reyndist hér mjög vel og var í sigtinu sem stöðvarhrútur. Hrútur 10-286 er með lambahóp, sem sækir meirihluta sinna yfirburða í ómsjarmælingaþáttinn í rannsókninni, en kjötmat fyrir gerð er einnig ákaflega gott en fita óþarflega mikil. Þessi hrútur er sonur Hukka 06-841 sem héðan kom á stöðvarnar en móðurfaðir hans 06-264 var sonur Lunda 03-945 og hrúturinn því skyldleikaræktaður afkomandi Lunda. Undan hrúti 11-287 er lambahópur, sem hefur mikil kjötgæði og nokkuð jafnt sótt í báða aðalþætti rannsóknarinnar. Þessi hrútur er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir hans sá sami og hjá hrúti 10-286.

Austur Barðarstrandarsýsla

Gróustaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	10-404	Jakki	07-401	121,8	121,6	121,7	15,6	9,0	5,4	24,3	2,5	17,0
	11-401	Bangsi	09-286	114,4	117,9	116,2	17,3	8,8	5,7	24,3	2,6	16,7
	09-404	Ási	05-410	101,5	101,8	101,7	15,5	8,9	6,1	23,6	3,1	16,8
	11-404	Moli	09-503	90,3	113,0	101,7	17,3	8,3	6,1	25,6	3,6	16,4
	09-401	Frakksso	03-974	102,5	90,0	96,3	16,7	8,3	5,7	23,1	2,7	16,7
	11-405	Jakki	07-401	110,5	76,9	93,7	16,8	9,3	6,1	22,7	3,1	16,6
Jötunn	07-402		06-401	97,4	88,9	93,2	15,5	7,2	5,1	23,6	3,1	16,8
Flótti	11-402	Baddi	10-012	72,1	70,6	71,4	16,2	8,2	6,5	23,0	3,5	16,5
							16,4	8,5	5,9	23,8	2,9	16,7

Í þessari rannsókn er afkvæmahópurinn undan hrúti 10-404 með besta útkomu og er hann hnífjafn á báðum aðalþáttum rannsóknarinnar. Lömbin eru vel gerð og fitulítill en þungasamanburður er þeim ekki í vil. Faðir hans Jakki 07-401 hefur skartað glæstum útkomum í rannsóknum á búinu en móðurfaðir 10-404 er Bond 06-403. Hópur undan hrúti 11-401 sýnir góða yfirburði um báða aðalþætti í rannsókninni. Þungasamanburður er honum líka mjög hagstæður. Þessi hrútur er fenginn frá Kambi og er faðir hans Bangsi 09-286 en móðurfaðirinn Breki 08-284 sem var sonur Ófeigs 05-297 eins af þekktari hrútunum í ræktuninni á Kambi.

Bakki

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	10-201	Grábotni	06-833	116,3	151,7	134,0	17,0	10,1	6,9	27,3	3,5	17,2
	11-204	Hriflon	07-837	117,7	134,6	126,2	17,5	9,3	6,4	26,8	3,0	16,9
	11-206	Stáli	06-831	135,6	115,2	125,4	17,7	9,9	6,3	25,9	3,1	17,0
	11-202	Frosti	07-843	118,5	107,7	113,1	18,3	10,0	6,9	25,3	2,5	17,0
	11-201	Bogi	04-814	118,7	106,6	112,7	16,7	8,6	5,8	25,2	3,0	17,0
Fálki	09-210	Valur	06-853	101,9	116,5	109,2	16,7	8,9	6,5	26,3	3,6	17,0
	11-203	Sokki	07-835	86,1	104,9	95,5	15,8	9,1	7,0	25,5	3,0	17,0
	11-208	Fálki	09-210	87,3	84,5	85,9	17,5	9,2	7,2	24,9	3,3	16,5
Thule	08-210		05-184	98,0	71,1	84,6	16,2	9,1	6,7	24,8	4,3	16,9
	10-204	Grábotni	06-833	84,7	83,3	84,0	16,7	9,2	7,2	25,1	3,9	16,9
	10-205	Vöðvi	06-820	99,5	60,8	80,2	17,0	8,9	6,6	23,5	3,6	16,7
	11-207	Thule	08-210	113,2	34,6	73,9	15,5	8,2	5,6	22,0	3,7	16,3
	09-204	Sæmundur	08-208	61,0	79,7	70,4	16,6	8,7	7,5	24,7	3,3	16,6
							16,9	9,2	6,7	25,2	3,4	16,9

Hér er allstór rannsókn og eitt og annað forvitnilegt að sjá. Efstur stendur hópurinn undan hrúti 10-201 og eru yfirburðir hjá honum talsverðir um flesta þætti rannsóknarinnar og feikilega miklir fyrir mælingar á bakvöðvabyggt en einnig ber hann af um lærahold og kjötmat fyrir gerð. Þessi hrútur er sonur Grábotna 06-833. Næstur í heildareinkunn er hrútur 11-204 en hjá þeim lömbum er þykkur vöðvi og lítill fita sterkustu eiginleikarnir. Hrútur þessi er undan Hrifloni 07-837. Þá kemur næstur hópur undan hrúti 11-206 aðeins hársbreidd neðar í heildareinkunn en næsti hópur. Hér eru það kjötmatsniðurstöðurnar, sem eru sérstaklega glæsilegar auk þess sem þungasamanburður er honum mjög hagstæður. Þessi hrútur er sonur Stála 06-831. Hjá lömbunum undan hrúti 11-202 eru sterku þættirnir bæði góð gerð og lítill fita auk þess sem yfirburðirnir hjá þessum hópi í fallþunga lamba eru gríðarlega miklir. Þessi hrútur er sonur Frosti 07-843. Að lokum skal athygli beint að hópnum sem fylgir hrúti 11-201 þar sem lítill fita lambanna vegur mest til að lyfta honum eins og á við um mjög marga af sonur Boga 04-814.

Hríshóll

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Höfðingi	10-562	Baugur	09-341	115,4	119,8	117,6	15,9	8,4	5,5	27,0	3,6	16,8
Kambur	08-294	Prins	04-287	118,3	103,3	110,8	15,8	8,4	5,4	25,8	3,2	17,0
Skörungur	11-233	Patti	09-133	107,4	109,4	108,4	16,8	9,2	6,4	26,1	3,2	17,1
Greifi	11-231	Blossi	07-823	109,6	107,0	108,3	16,6	9,1	6,1	26,1	3,1	17,0
Vafi	09-249	Ási	05-121	103,5	112,2	107,9	15,5	8,8	6,0	25,8	3,0	16,9
Gulur	10-227	Náli	09-080	96,0	76,4	86,2	15,5	7,9	5,6	24,5	2,7	16,7
Keisari	10-229	Stökkull	08-123	77,2	92,5	84,9	15,6	7,9	6,1	25,4	3,3	16,9
Skjöldur	10-230	Skrauti	08-120	79,8	85,9	82,9	17,0	8,6	6,8	25,1	2,6	16,7
							16,1	8,5	6,0	25,7	3,1	16,9

Í þessari rannsókn eru afkvæmahópar undan tveim hrútum af sömu ræktunarlínu sem standa efstir. Lömbin undan Höfðingja 10-562 koma efst í líflambahluta rannsóknarinnar og með góða yfirburði í kjötmatinu, en þetta eru vel gerð lömb með litla fitu. Hrútur þessi kemur frá Gautsdal og er faðir hans Kambur 08-294 og móðurfaðir er Kópur 04-345. Kambur 08-294 á Kambi er síðan þarna með afkvæmahópin, sem næstur stendur, og kjötmatspátturinn í rannsókninni skilar honum toppsætinu þar. Þessi hrútur er undan Prinsi 04-287 sem á sinni tíð var mjög öflugur kynbótahrútur á Kambi.

Staður

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Klaki	10-052	Raftur	05-966	128,8	134,9	131,9	17,4	9,5	5,8	27,9	2,4	17,1
Gustur	11-064	Baugur	09-341	135,3	116,0	125,7	17,2	9,8	5,6	27,9	3,7	17,4
Soldán	09-068	Kveikur	05-965	107,1	113,3	110,2	18,1	9,5	6,5	27,8	3,4	17,2
Máni	11-062	Fannar	07-808	94,7	125,0	109,9	17,6	9,0	6,5	28,1	3,3	17,2
Svanur	10-057	Toppur	07-345	103,5	77,5	90,5	17,8	9,7	6,7	25,9	3,2	17,2
Ægir	11-059	Gráni	10-130	71,8	107,0	89,4	16,9	8,9	7,2	27,1	3,0	16,8
Uggi	09-071	Gustur	06-035	94,5	75,7	85,1	18,2	9,9	7,2	25,6	3,5	17,3
Bensi	11-061	Klaki	10-052	75,6	89,3	82,5	17,7	8,9	7,1	26,4	2,9	16,7
Móri	11-063	Móri	07-101	73,3	57,1	65,2	18,2	9,4	7,6	25,8	3,9	16,9
							17,7	9,4	6,7	26,9	3,3	17,1

Hér er talsvert mikill munur á afkvæmahópunum og skiptast hrútarnir í rannsókninni nokkuð glögg í tvo hópa. Lambahópurinn undan Klaka 10-052 vermir efsta sætið og eru yfirburðir lambanna umtalsverðir í báðum aðalþáttum rannsóknarinnar en þess má geta að kjötmat sláturlamba undan Klaka haustið 2011 skipaði honum þá í eitt af efstu sætum fyrir hrúta í landinu í BLUP matinu um kjötgæði. Lömbin sem fylgja honum að þessu sinni eru prýðilega vel vöðvafyllt og hafa litla fitu. Klaki er sonur Rafts 05-966 og móðurföðurfaðir hans er Kveikur 05-965, þannig að glæsilegar niðurstöður með hliðsjón af ætterninu koma tæplega að óvart. Næstur kemur lambahópur undan Gusti 11-064 og skipar hann efsta sætið í kjötmats samanburði rannsóknarinnar og er þetta sá lambahópurinn sem stendur efstur með lærastig Gustur kemur frá Gautsdal undan Baugi 09-341, sem skilað hefur fleiri topphrútum, og móðurfaðir hans er Gormur 06-326, sem var undan Ormi 02-933. Undan Soldáni 09-068 er lambahópur, sem hefur góða yfirburði um báða aðalþætti rannsóknarinnar, en Soldán er sonur Kveiks 05-965 og móðurföðurfaðir hans Gaddur 04-950. Fyrir lambahópin undan Mána 11-062 koma niðurstöður sem algengt er að sjá fyrir lömb undan sonum Fannars 07-808, yfirburðir eru feikilega miklir í ómsjarmælingunum en kjötmats samanburður nálægt meðaltalinu. Móðurföðurfaðir Mána er Hylur 01-883.

Fremri-Gufudalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Bergur	06-415	Lundi	03-945	122,7	135,4	129,1	17,3	9,1	6,6	26,8	2,9	17,4
Brollur	09-417	Púki	06-807	123,3	119,9	121,6	18,3	9,1	6,7	25,9	2,7	17,0
Pési	10-406	Kutti	08-402	108,5	127,0	117,8	19,3	10,2	8,0	26,4	4,0	17,5
Kutti	08-402	Galsi	06-033	113,6	119,1	116,4	17,7	9,3	7,1	25,6	3,1	17,0
Lampi	09-426	Kveikur	05-965	103,2	123,5	113,4	17,4	8,5	6,8	26,6	3,4	17,3
Skjöldur	09-603	Roði	05-507	101,3	96,8	99,1	18,3	8,4	6,9	26,0	3,8	17,3
Fanski	10-408	Roði	05-507	93,2	96,4	94,8	18,2	9,3	7,7	25,5	3,9	17,1
Polaris	10-605	Kutti	08-402	91,3	88,9	90,1	18,1	9,2	7,7	25,1	4,0	17,0
Blettur	07-606	Grámann	05-611	93,1	83,8	88,5	16,9	8,9	7,3	24,5	3,8	17,1
Bóbó	09-416	Gosi	08-614	99,7	72,7	86,2	19,0	8,2	6,9	23,9	3,8	16,8
Rass	10-403	Kutti	08-402	94,2	65,5	79,9	17,7	8,8	7,3	24,3	4,1	16,8
Mósi	11-414	Bóbó	09-416	63,4	47,0	55,2	19,2	8,2	8,4	23,4	5,3	16,6
							18,1	8,9	7,3	25,3	3,7	17,1

móðurfaðir hans er Gustur 04-293. Af lömbum undan veturgömlu hrútunum stendur efstur hópur unda Vaski 11-424. Lömbin undan honum eru rígvæn og koma vel um meðallag í kjötmats samanburði, sérstaklega er fita lítil miðaða við vænleika lambanna en umtalsverða yfirburði fær hópurinn hins vegar frá ómsjarmælingaþætti rannsóknarinnar. Vaskur er fenginn frá Heydalsá og er faðir hans Sindbad 09-155 en hann var einn sona Loga 07-825, sem þar komu fram árið sem hann var notaður á Heydalsá vegna stöðvaransóknar. Móðurfaðir Vasks er Spindill 07-344.

Stóra-Fjarðarhorn

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmát	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Garpur	07-005	Gullmoli	05-552	126,1	122,1	124,1	18,7	10,0	7,4	27,8	2,7	17,5
Leggur	10-005	Prúður	07-006	103,5	141,5	122,5	19,2	9,9	8,1	29,0	3,0	17,4
Glæsir	09-004	Grunur	08-160	109,1	117,9	113,5	18,8	9,9	7,9	27,8	3,4	17,2
Barði	10-002	Glæsir	09-004	123,9	98,5	111,2	18,3	11,2	8,1	27,4	3,8	17,4
Doddi	11-013	Leggur	10-005	105,8	108,9	107,4	19,6	9,2	7,6	27,8	3,4	17,5
Kóngur	11-017	Þristur	09-003	97,7	115,5	106,6	18,7	9,4	7,9	27,9	3,3	17,2
Gotti	10-006	Hreinn	08-006	101,9	103,1	102,5	18,6	9,8	8,0	27,4	3,6	17,0
Dagur	10-003	Þristur	09-003	91,9	112,2	102,1	18,8	8,8	7,7	27,8	2,9	17,4
Frami	10-004	Sómi	07-854	85,6	96,8	91,2	17,9	9,1	8,0	27,1	3,5	17,3
Hreinn	08-006	Freyr	07-004	92,5	85,9	89,2	20,3	9,0	8,1	26,6	3,3	17,0
Eyki	11-014	Dagur	10-003	91,3	84,3	87,8	19,5	9,0	8,0	26,5	3,2	17,3
Vargur	08-005	Seggur	07-007	97,9	72,8	85,4	18,4	9,8	8,1	26,3	4,2	17,5
Bylur	11-012	Spindill	07-344	80,8	81,7	81,3	19,1	8,9	8,2	26,4	3,5	17,1
Askur	11-011	Nonni	10-164	103,4	55,5	79,5	18,1	9,1	7,4	25,3	3,0	17,0
Hnallur	11-015	Garpur	07-005	81,7	76,4	79,1	18,3	8,2	7,6	25,9	3,0	17,0
							18,8	9,5	7,9	27,2	3,3	17,3

Eins og svo oft áður er mikið af þroskamiklum og vel gerðum lömbum í þessari stóru rannsókn. Að þessu sinni skipar sér í efsta sætið lambahópur, sem fylgir elsta hrútnum í rannsókninni, Garpi 07-005, sem margoft á fyrri árum hefur staðfest sig í rannsóknnum sem kjötgæðakind en hópurinn núna er líklega sá jafnabesti, sem honum hefur nokkru sinni fylgt. Kjötmats samanburðurinn er að skila heldur meira af yfirburðunum enda eru kjötmatsniðurstöður þrýðisgóðar. Vöðvi hjá lifandi lömbum bæði á baki og í lærum er mældur og metinn mjög þykkur. Lömbin, sem að þessu sinni fylgja Garpi, eru öll tvævetlulömb. Garpur er sonur Gullmola 05-552, Broddanesi 1, en móðurfaðir Garps er Goði 00-659, Heydalsá, sem var notaður í Stóra-Fjarðarhorni í fjölda ára. Næstur í röð hópanna eru lömbin undan Legg 10-005 en þau eru þroskamikil með gott kjötmát en sækja yfirburði sína fyrst og fremst í ákaflega góðar bakvöðvamælingar. Lömbin, sem eru í þessum hópi, eru öll gemlingslömb. Leggur er sonur Prúðs 07-006, sem var sonur Gullmola 05-552, Broddanesi 1. Móðurfaðir Leggs er Múkki 03-936. Glæsir 09-004 er eins og á síðasti ári með mjög glæsilegan lambahóp. Kjötmats samanburðurinn er hópnur í vil og bakvöðvamælingar og lærahold með ágætum. Glæsir er fenginn frá Broddanesi 1 og er faðir hans Grunur 08-160 en móðurfaðir Bogi 06-776 á Heydalsá og Segull 02-352 bætist að lokum við sem móðurmóðurfaðir. Barði 10-002 kemur með hópin, sem skipast næstur með heildareinkunn. Kjötmats samanburðurinn er þessum hópi ákaflega hagstæður og gerðarmatið hjá lömbunum sýnir ótrúlega yfirburði umfram aðra hópa. Á síðsta ári var kjötmats samanburður honum einnig mjög í vil í rannsókn þá en lömbin þar voru fitulítil. Með líflambapáttinn er hópurinn um meðaltal. Öll lömbin undan Barða að þessu sinni voru gemlingslömb. Barði er sonur Glæsis 09-004 en móðurfaðir hans er Goði 00-659, Heydalsá. Doddi 11-013 er sá af veturgömlu hrútunum, sem að þessu sinni er með hópin, sem skipar sér efstur af þeim. Lömbin eru þroskamikil og samanburður beggja aðalþáttanna þeim mjög í vil og lærastigun sú hæsta einstakra hópa fyrir þessi lömb. Doddi er undan Legg 10-005 en móðurfaðir hans er Olli 06-985.

Broddanes 1

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Vinur	09-013	Broddi	07-015	109,2	136,4	122,8	19,1	12,1	8,3	29,0	3,4	17,8
Krapi	10-160		09-018	130,9	104,2	117,6	17,8	12,3	7,7	28,2	3,7	17,7
Dabbi	10-162		09-018	123,2	98,9	111,1	19,0	12,5	8,1	28,6	4,5	17,9
Sómi	11-052	Vinur	09-013	115,4	105,7	110,6	19,2	12,4	8,1	28,5	3,8	17,5
Segull	11-056	Steri	07-855	94,8	126,0	110,4	19,0	11,2	8,2	29,3	3,9	18,0
Broddi	07-015	Bogi	06-776	106,0	106,5	106,3	19,2	10,9	7,6	28,0	3,4	17,7
Hrekkur	11-053	Vinur	09-013	114,9	91,9	103,4	18,7	12,4	8,2	27,8	3,6	17,5
Glæsir	11-051	Gullmoli	05-552	92,3	112,3	102,3	19,3	11,1	8,2	28,6	3,4	17,3
Kraftur	09-020	Tindur	08-539	75,1	112,4	93,8	17,5	9,8	7,8	28,2	3,2	17,5
Snær	10-164	Bjarmi	05-767	92,9	93,9	93,4	17,3	10,6	7,7	28,0	4,2	17,2
Brassi	11-057	Hlunkur	09-300	74,8	110,5	92,7	17,8	10,1	7,9	28,3	3,7	17,4
Bjartur	11-055	Vinur	09-013	102,0	77,5	89,8	18,3	11,9	8,3	27,2	4,1	17,6
Spaði	09-017	Broddi	07-015	95,2	67,5	81,4	18,6	10,6	7,7	27,5	4,3	17,1
Magni	11-059	Kostur	08-272	84,6	53,2	68,9	18,7	10,7	8,2	26,1	4,2	17,4
							18,5	11,3	8,0	28,1	3,8	17,6

Lambahóparnir, sem fylgja hrútunum hér, eru með gríðarlega þroskamikil lömb og gerð lambanna í kjötmati og lærahold þeirra tvímælalaust það besta sem finnst hjá kollóttu fé hér á landi. Vinur 09-013 er margreyndur sem úrtöku kjöttgæðakind og lömbin, sem fylgja honum að þessu sinni, setja hann í efsta sætið. Þessi lambahópur er frábær að vöðvafyllingu og allri gerð en eins og stundum áður er fita heldur í meira lagi. Vinur er sonur Brodda 07-015 en móðurfaðir hans Segull 02-352 og móðurmóðurfaðir Dugur 01-346. Krapi 10-160 er með lambahóp, sem sýnir einstaka yfirburði í kjötmati, enda gerð lambanna frábær og fita í minna lagi. Það kann eitthvað að hafa áhrif á niðurstöður að þessi lömb eru öll undan tvævetlum. Krapi er sonarsonur Brodda 07-015 en Segull 02-352 er móðurfaðir hans. Dabbi 10-162 er með lambahóp sem er einstakur að allri gerð og vöðvafyllingu eins og var á síðasta ári. Dabbi er samfeðra Krapa en móðurfaðir Dabba er Demant 05-554 frá Hafnardal. Þá koma ungliðar til leiks. Sómi 11-052 á einn af þessum frábæru hópum þar sem allt ber glæsileika vitni. Lömbin undan Sóma eru öll tvævetlulömb. Sómi er sonur Vins 09-013 en móðurfaðir Demat 05-554 og móðurmóðurfaðir Segull 02-352. Þá kemur lambahópur undan Segli 11-056. Í kjötmatssamanburði er sá hópur tæplega á meðaltali, lömbin eru mjög þroskamikil með frábæra gerð en fita aðeins of mikil. Í ómsjárluta mælist bakvöðvi mjög þykkur og lærahold lambanna stigast hærra en hjá nokkrum öðrum hópi. Segull er fenginn norður á Melum 2 og er faðir hans Steri 07-855 og móðurfaðir Máni 03-975 og móðurmóðurfaðir er Toppur 00-897. Mörg undanfarin ár hefur lambahópur undan Brodda 07-015 verið hér á toppinum eða við toppinn og enn mætir til leiks gríðarlega góður lambahópur undan honum, sem staðfestir fyrri reynslu. Broddi er sonur Boga 06-776 á Heydalsá en móðurfaðir hans er Dugur 01-346.

Bræðrabrekka

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Ingimar	11-090	Bokki	06-852	104,2	133,2	118,7	15,4	8,1	6,2	28,0	3,4	17,3
Doktorinn	11-094	Moli	10-033	101,0	125,9	113,5	16,1	7,7	6,2	27,3	3,4	16,9
Grútur	11-096	Svalur	09-031	113,4	100,3	106,9	15,6	8,0	5,9	26,0	3,5	16,7
Moli	10-033		08-038	101,4	102,7	102,1	16,7	8,1	6,6	26,1	3,4	17,1
Jaki	11-092	Bokki	06-852	97,0	104,3	100,7	15,5	7,3	5,9	25,8	3,1	17,2
Loki	10-038	Valur	09-034	80,1	98,2	89,2	15,3	7,2	6,4	26,0	3,3	16,9
Rjómi	10-036	Broddi	07-015	93,9	84,4	89,2	16,3	8,2	6,8	25,8	4,2	17,1
Dimitri	11-093	Ás	04-813	98,0	63,9	81,0	15,2	7,6	6,0	24,0	3,1	16,7
							15,7	7,8	6,2	26,0	3,4	17,0

Hér stendur efstur Ingimar 11-090, sonur Bokka 06-852. Yfirburðir hans koma meira úr mælingum lifandi lamba en þau sýna mikið útslag í þykkt bakvöðva samhliða hóflegri fitu og góðum læraholdum. Næstur í heildareinkunn er Doktorinn 11-094 og koma yfirburðir hans líkt og hjá Ingimar frá mælingum á lifandi lömbum. Í langfeðratali rekur Doktorinn sig til Mjaldurs 93-985.

Gröf

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Hugur	09-048	Bogi	04-814	110,5	126,4	118,5	18,1	9,2	6,3	28,8	3,5	17,2
Bliki	11-205	Mergur	09-046	128,2	108,2	118,2	19,0	10,8	7,0	27,9	3,1	17,4
Mergur	09-046	Krókur	08-043	86,0	120,5	103,3	19,0	11,0	8,5	28,7	3,7	17,4
Moli	08-044	Gullmoli	05-552	97,5	105,4	101,5	18,8	10,1	7,5	28,1	3,5	17,4
Hrókur	11-204	Bogi	04-814	119,1	81,8	100,5	17,8	10,0	6,5	26,8	3,2	17,1
Stapi	09-303	Shrek	05-817	91,7	96,4	94,1	18,2	9,3	7,0	27,6	3,3	17,5
Eyri	11-203	Blossi	07-823	91,0	95,6	93,3	18,8	9,5	7,3	28,3	4,3	17,4
Kubbi	11-202	Skrauti	07-826	74,2	73,3	73,8	18,9	9,8	8,1	27,1	3,9	17,3
							18,6	10,0	7,3	27,9	3,6	17,3

Síðustu tvö árin hafa verið góðir lambahópar undan Hugur 09-048 í rannsóknunum en lambahópurinn núna lyftir honum í hærra hæðir en áður hefur verið. Í kjötmatinu er það lítil fita lambanna sem er sterkasti eiginleikinn. Bakvöðvamælingar koma mjög vel út í samanburði að þessu sinni. Hugur er sonur Boga 04-814 en móðurfaðir Hrífur 06-044 færir meira Heydalsárblóð vegna þess að það er sonur Orms 02-933. Bliki 11-205 á einnig þrælsterkan lambahóp. Hjá þessum lömbum er kjötmatssamanburðurinn frábær en þar fer saman bæði góð gerð sláturlambanna og lítil fita hjá þeim. Ömmælingaþátturinn skilar einnig jákvæðum niðurstöðum fyrir þennan hóp. Bliki er sonur Mergs 09-046 sem skipaði efsta sætið á síðasta ári og er einnig með góðan hóp núna þó að afkvæmi hans séu feitari en undan hinum hrútunum og ekki ólíklegt að það megi rekja til blöndunar við hyrndt fé en Bifur 06-994 er þar að baki. Partur 99-914 er móðurfaðir Blika.

Kolbeinsá

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Snær	11-167	Borði	08-838	107,7	159,0	133,4	17,4	9,6	7,4	26,8	3,0	17,0
Tvistur	09-157	Rósi	08-239	112,4	102,9	107,7	16,5	8,5	6,4	24,4	2,6	16,8
Kvistur	10-162	Tvinni	09-566	107,5	106,0	106,8	16,6	9,2	7,0	24,2	2,8	17,1
Tímóteus	09-159	Ylur	05-805	99,3	112,4	105,9	15,5	8,4	6,5	24,7	2,5	16,7
Árbotni	11-175	Botni	09-555	117,4	91,3	104,4	15,4	8,9	6,1	24,1	3,2	16,8
Púki	08-151	Logi	07-825	98,0	101,3	99,7	16,6	8,9	7,1	23,9	2,5	16,8
Frakkur	07-195	Frakksso	03-974	89,2	80,7	85,0	16,4	8,4	7,0	23,7	2,8	16,8
Skjöldur	10-160	Bangsi	08-121	85,9	83,9	84,9	16,3	7,7	6,6	24,1	3,3	16,9
Gautur	08-199	Goði	07-333	96,4	73,3	84,9	16,7	8,5	6,9	22,8	2,2	16,2
Þjakkur	10-165	Frakkur	07-195	92,8	69,4	81,1	16,7	8,9	7,3	22,3	2,5	16,8
							16,4	8,6	6,8	24,2	2,7	16,8

Lambahópur undan Snæ 11-167 er langhæstur með heildareinkunn í þessari rannsókn. Lömbin bera af með gerð í kjötmatinu en eru ívið feitari en undan öðrum hrútum um leið og þau bera af með vænleika. Meginyfirburðirnir eru í bakvöðvamælingunum og eru þeir verulegir og einnig er lærastigun einna hæst fyrir þennan lambahóp. Snær er fenginn frá Óttari Sveinbjörnssyni á Hellissandi og er hann sonur Borða 08-838 en móðurfaðir hans Sprækur 05-475 var öflugur hrútur undan Hyli 01-883, sem Óttar notaði í nokkur ár. Tvistur 09-157 var hér á toppi í rannsókninni á síðasta ári og kemur nú með góðan lambahóp þar sem hagstætt fitumat sláturlambanna vegur þyngst í yfirburðunum. Tvistur er frá Kollsá undan Rósa 08-239 en móðurfaðir hans er Loki 04-216.

Skálholtsvík

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Safír	09-065	Röðull	08-057	134,9	135,0	135,0	16,3	10,3	6,5	27,0	3,1	17,2
Umbi	11-086	Borði	08-838	117,0	137,7	127,4	16,1	9,3	6,3	27,5	3,1	17,2
Uxi	11-081	Kveikur	05-965	114,1	129,2	121,7	16,0	9,3	6,4	27,5	3,2	17,3
Tíkó	10-079	Hólmi	08-839	106,0	123,3	114,7	17,4	9,7	7,1	27,0	3,4	17,2
Straumur	09-066	Reykur	08-058	106,9	110,8	108,9	16,6	10,2	7,3	26,0	3,2	17,3
Reykur	08-058	Bifur	06-994	88,3	121,4	104,9	17,7	9,4	7,5	26,5	3,3	17,4
Taumur	10-077	Hrói	07-836	109,0	92,7	100,9	16,3	9,0	6,4	25,0	2,9	16,8
Tvinni	10-074	Freyðir	07-810	94,9	92,5	93,7	16,5	9,7	7,3	25,7	3,3	17,0
Uggi	11-082	Kveikur	05-965	90,1	96,9	93,5	17,1	9,5	7,4	25,9	3,6	17,2
Sjóður	09-063	Óður	06-093	95,4	87,6	91,5	15,7	9,0	6,7	25,0	3,3	16,6
Urriði	11-085	Kóngur	04-829	72,9	107,3	90,1	17,2	8,9	7,5	26,6	3,5	17,1
Undri	11-084	Frosti	07-843	90,9	77,5	84,2	17,3	9,5	7,4	25,4	3,9	17,2
Urmull	11-327	Kaldi	03-989	80,1	83,0	81,6	16,3	8,5	6,9	25,2	3,6	16,9
Trúður	10-072	Grábotni	06-833	77,6	69,9	73,8	16,4	8,5	7,0	24,4	2,9	16,7
Stáli	09-064	Órion	06-096	101,5	34,7	68,1	16,9	9,0	6,7	23,6	3,6	16,7
							16,6	9,3	6,9	25,8	3,3	17,0

Hér er eins og oft áður talsvert umfangsmikil rannsókn. Hópurinn, sem hér stendur efstur, er undan Safír 09-065. Þessi lömb búa yfir miklum kjötgæðum. Aðalþættir rannsóknarinnar eru að skila nánast sömu yfirburðum. Í kjötmatinu hafa lömbin undan Röðli afgerandi yfirburði, bæði í mati fyrir gerð um leið og fitumat þeirra er mjög hagstætt. Umtalsverðir yfirburðir koma einnig fram í bakvöðvamælingunum. Safír er sonur Röðuls 08-057 en hann er undan Bifri 06-994 en móðurfaðir Safírs er Ljómi 97-498. Umbi 11-086 er með lambahóp þar sem lítil fita telur mest til tekna hjá sláturlömbunum en við skoðun lifandi lamba eru þykkir vöðvar á baki og í lærum aðalsmerki lambanna. Umbi er sonur Borða 08-838 en móðurfaðir hans er Órion 06-096, en hann var undan Nykri 05-084, sem reyndist afbragðs kjötgæðakind á sinni tíð. Lambahópurinn undan Uxa 11-081 er um flesta þætti rannsóknarinnar ákaflega líkur lömbunum undan Umba og því lömb með veruleg kjötgæði. Uxi er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir hans er Nökkvi 05-086. Tíkó 10-079 mætir til leiks með hóp af þroskamiklum lömbum með ágætt gerðarmat í kjötmatinu og lifandi lömbin mælast með þykkum bakvöðva. Tíkó er sonur Hólma 08-839 en Tíkó er sammæðra Uxa sem fjallað er um hér á undan. Straumur 09-066 var toppurinn hér í rannsóknunum haustið 2011 og mæti nú afur með góðan lambahóp. Gerðarmatið fyrir sláturlömbin er mjög gott og sömuleiðis er vöðvaþykkt lambanna á baki og í lærum vel yfir meðaltalinu. Faðir Straums er Reykur 08-058, sem vikið er að hér á eftir, en móðurfaðir Straums er Dóni 00-872. Reykur 08-058 hefur nokkur síðustu ár verið á eða við toppinn í rannsóknum hér og mætir enn með góðan hóp þar sem að vísu fitumat sláturlambanna svíkur aðeins að þessu sinni en vöðvar þykkir og hópurinn stendur efstur með lærastig. Reykur er undan Bifri 06-994 en Moli 04-080 er móðurfaðir hans.

Laxárdalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kvistur	10-391	Steri	07-855	109,5	143,3	126,4	17,5	10,4	7,7	29,3	4,0	16,9
Loki	10-382	Neisti	06-822	103,9	130,5	117,2	17,4	8,7	6,7	27,7	3,7	16,9
Botni	10-377	Grábotni	06-833	113,1	110,0	111,6	17,2	9,1	6,7	26,7	3,2	16,6
Grábotnason	11-351	Grábotni	06-833	123,1	99,6	111,4	17,1	9,7	6,8	27,0	4,0	16,7
Golsi	11-400	Sokki	07-835	79,3	126,5	102,9	16,1	8,0	6,9	28,0	3,7	17,0
Andrés	08-352	Bogi	04-814	107,5	97,4	102,5	17,3	9,6	7,2	26,4	3,8	17,0
Prins	11-353	Bogi	04-814	98,5	106,2	102,4	17,3	8,9	7,0	26,5	3,6	17,1
Óðinn	10-385	Neisti	06-822	90,7	113,6	102,2	16,6	8,8	7,1	27,6	4,3	17,3
Jackson	09-364	Frakksso	03-974	101,4	94,3	97,9	16,5	8,7	6,7	26,1	3,8	17,2
Natan	10-380	Grábotni	06-833	97,3	93,2	95,3	17,0	8,9	7,0	26,4	4,0	17,2
Skjanni	10-384	Mikki	08-361	95,1	90,9	93,0	17,0	8,5	6,8	26,3	4,1	17,0
Gaur	09-366	Fengur	02-973	83,4	98,4	90,9	16,6	8,8	7,3	26,9	4,3	16,9
Nagli	09-368	Fengur	02-973	91,0	89,1	90,1	17,6	9,0	7,3	26,1	3,7	16,6
Gæfur	10-383	Ás	04-813	89,6	89,4	89,5	16,2	8,5	6,9	26,2	3,8	16,8
Klerkur	10-387	Smári	09-367	101,0	77,8	89,4	17,4	9,0	7,0	25,4	3,6	16,9
Dreki	10-378	Undri	05-818	88,3	52,0	70,2	17,5	8,6	7,1	24,4	3,5	16,8
							17,1	9,0	7,0	26,6	3,8	16,9

Hér er allstór rannsókn og ýmsar áhugaverðar niðurstöður. Nokkuð efstur með heildareinkunn er hópur undan Kvisti 10-391. Lömbin eru þroskamikil og yfirburðir í gerðarmatinu eru mjög miklir en eins og á síðasta ári en fitumatið er heldur í hærri kantinum. Síðan bætast við verulegir yfirburðir úr líflambapætti, en yfirburðir eru miklir í þykkt bakvöðva. Kvistur er fenginn norður í Bæ í Árneshreppi undan Stera 07-855 en móðurfaðir hans er Glópur 00-930. Loki 10-382 er eins og á síðasta ári með hóp í öðru sæti og útkoman mjög áþekkt bæði árin nema hvað yfirburðirnir skiptast ójafnara á aðalþætti rannsóknarinnar núna en þá en lítil fita og góðar bakmælingar eru sterkustu eiginleikar afkvæmanna. Loki er sonur Neista 06-822 en móðurfaðir Rósi 04-378, sem er hrútur undan Snæ 00-915. Áfram raðast hrútarnir í sömu röð og haustið 2011 vegna þess að lömbin undan Botna 10-377 hafna í þriðja sætinu bæði árin. Í ár koma yfirburðirnir nokkuð jafnt frá báðum aðalþáttum rannsóknarinnar. Botni er sonur Grábotna 06-833. Annar sonur Grábotna 06-833 stendur með nánast sömu heildareinkunn og er það Grábotnason 11-351 en yfirburðirnir fyrir lambahópinn eru allir tilkomnir vegna mjög hagstæðs kjötmatssamanburðar fyrir lömbin þar sem þessi hópur stendur langefstur í rannsókninni. Grábotnason er fenginn frá Hafrafellstungu og er móðurfaðir hans Blær 08-100.

Bær 2

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Gáski	10-316	Hólmi	08-839	112,6	144,2	128,4	15,8	9,5	6,4	28,7	3,0	16,8
Áll	08-302	Raftur	05-966	113,0	136,1	124,6	16,6	9,9	6,8	27,6	2,9	16,7
Jökull	09-309	Fannar	07-808	98,1	110,4	104,3	15,5	8,7	6,2	27,0	3,2	16,6
Klaki	09-308	Fannar	07-808	90,7	106,9	98,8	15,7	8,8	6,5	27,1	3,4	16,7
Tígull	10-318	Bolli	06-821	105,2	90,0	97,6	16,8	8,8	6,3	26,1	3,1	16,7
Stöpull	09-312	At	06-806	86,1	82,7	84,4	15,5	8,5	6,4	26,1	3,5	16,7
Tobbi	10-314	Grábotni	06-833	101,2	66,7	84,0	15,8	9,2	6,5	25,2	3,2	16,7
Tindur	10-315	Hrói	07-836	85,1	82,6	83,9	16,2	8,9	6,8	26,0	3,6	16,7
							16,0	9,1	6,5	26,6	3,3	16,7

Lömbin undan Gáska 10-316 skipa efsta sætið í þessari rannsókn. Mest af sínum yfirburðum sækja þau í bakvöðvamælingarnar. Gáski er sonur Hólma 08-839 en móðurfaðir hans Dalur 97-485. Áll 08-302 hefur undanfarin ár staðið ofarlega í rannsóknunum hér og gerir enn með mjög stóran lambahóp að þessu sinni. Lömbin eru þroskamikil og hafa besta matið fyrir gerð. Áll er sonur Rafts 05-966 en móðurfaðir er Dóni 00-872.

Bær 1

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Svali	09-257	Andvari	06-100	131,0	125,7	128,4	16,3	10,2	6,8	27,7	3,7	17,1
Askur	10-329	Grábotni	06-833	115,6	103,4	109,5	18,2	10,2	7,6	27,5	4,1	17,0
Klaufi	10-259	Kóngur	04-829	94,6	122,1	108,4	17,0	9,2	7,3	28,4	4,3	17,2
	09-252	At	06-806	100,0	106,4	103,2	16,4	9,0	6,9	27,0	3,5	17,0
Kolli	10-263	Bolli	06-821	113,3	86,4	99,9	18,2	9,1	6,9	26,5	3,8	17,0
Bliki	11-268	Kostur	09-851	76,7	95,9	86,3	16,5	9,4	7,9	26,8	3,9	16,9
Dalur	10-262	Kantur	09-127	78,2	81,6	79,9	16,2	8,3	7,0	26,3	4,3	16,7
Melur	11-271	Frami	10-661	94,6	44,6	69,6	16,9	9,2	7,3	24,2	4,1	16,5
							16,9	9,3	7,2	27,0	3,9	17,0

Eins og haustið 2010 þá er efsti hópurinn í rannsókninni hér undan Svala 09-257 og eru yfirburðir miklir. Kjötmatið er mjög gott bæði góð gerð og lítil fita og síðan eru yfirburðir lambanna í ómsjarmælingunum ótvíræðir. Svali kemur frá Hafrafellstungu og er sonur Andvara 06-100 og móðurfaðir hans Gráni 03-957 og móðurmóðurfaðir er Spakur 00-909. Askur 10-329 á Leiðólfsstöðum í Laxárdal á mjög þroskamikil lömb og gerðarmat í kjötmatinu er mjög gott. Askur er sonur Grábotna 06-833. Báðir þessi hrútar sem hér hafa verið til umfjöllunar eru sjálfir gráir að lit.

Kjörseyri

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	08-633			113,1	127,9	120,5	15,4	7,9	6,3	25,7	3,4	17,0
	10-639	Drafnar	02-613	101,2	119,7	110,5	17,0	8,5	7,4	25,4	3,1	17,2
	09-634	Púki	06-807	92,4	114,6	103,5	16,5	8,1	7,3	26,7	4,9	16,9
	09-635		03-616	80,4	126,3	103,4	15,9	7,9	7,4	26,1	3,9	16,9
	06-627		05-622	116,8	80,9	98,9	15,5	7,9	6,2	24,3	3,9	16,9
	06-626		05-623	108,0	68,8	88,4	16,1	8,2	6,8	23,7	4,6	16,9
	06-624	Rósi	04-378	89,8	83,4	86,6	15,5	7,7	6,9	23,7	3,5	16,7
	09-637		06-624	102,6	69,5	86,1	15,8	7,6	6,5	23,5	3,6	16,8
							15,9	7,9	6,8	24,9	3,8	16,9

Heildareinkunn er hér hæst fyrir lambahópin undan hrúti 06-633 og er meira af yfirburðunum fengnir frá ómasjarmælingunum en lömbin eru að þunga nokkuð undir meðaltali þannig að hluti yfirburðanna verða reiknaðar „leiðréttingar“. Lömbin undan hrúti 10-639 eru þrýðilega þroskamikil og koma með talsverða yfirburði úr ómsjarmælingaþætti rannsóknarinnar. Þessi hrútur er sonur Drafnars 02-613 en móðurfaðir er Hnífill 00-613.

Valdasteinsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
		Skugga										
Rosti	10-495	Sveinn	07-876	115,8	143,5	129,7	17,8	9,8	6,6	28,7	3,1	17,4
Þórbergur	10-494	Brjänn	09-483	119,5	137,5	128,5	17,3	9,3	6,0	29,2	3,3	17,4
Andvari	11-455	Ástríkur	10-493	98,9	145,9	122,4	15,8	8,4	6,0	29,5	3,2	17,5
Ástríkur	10-493	Þráður	07-467	99,7	114,0	106,9	17,5	9,1	6,6	27,8	2,9	17,4
Patti	11-452	At	06-806	101,4	106,2	103,8	15,0	8,5	5,9	27,8	3,4	17,2
Brjänn	09-483	Prjónn	07-812	100,3	96,4	98,4	16,3	8,4	6,0	26,8	2,9	17,1
Kveikjari	11-454	Kveikur	05-965	96,5	90,8	93,7	16,3	8,8	6,4	27,0	3,4	17,3
Þráður	07-467	Kveikur	05-965	93,9	79,4	86,7	17,4	8,7	6,5	26,9	3,6	17,1
Sör Alex	11-451	At	06-806	103,8	61,5	82,7	15,9	8,8	6,1	26,1	3,6	17,2
Hagalín	10-497	Neisti	06-822	87,7	63,7	75,7	17,7	9,0	6,9	26,3	3,9	17,3
Hás	09-490	Ás	04-813	98,3	50,8	74,6	17,4	8,9	6,5	25,7	3,8	17,2
							16,9	8,9	6,4	27,5	3,4	17,3

Hér eru lambahópar undan tveim hrútum sem báðir vöktu á sér athygli í rannsókn hér haustið 2011 sem nú mæta til leiks með nýja hópa sem rækilega staðfesta kjötgæðaeiginleika þeirra. Eins og á síðasta ári bera lömbin undan Rosta 10-495 af í gerðarmatinu í kjötmatinu og þroski þeirra er ágætur og bakvöðvamælingar og mat lambanna skilar miklum yfirburðum en þar var Rosti á meðaltali á síðasta ári. Rosti er frá Ásgarði í Hvammssveit og er sonur Skugga Sveins 07-876 en móðurfaðir hans er Banki 01-433. Þórbergur 10-494 var á síðasta ári langefstur í rannsókninni hér og með einn þeirra lambahópa, sem þá voru í toppinum yfir allt landið. Hópurinn núna sýnir mjög mikla yfirburði í báðum þáttum rannsóknarinnar. Kjötmatið er mjög hagstætt bæði fyrir gerð og fitu og miklir yfirburðir í skoðunarhlutanum þó að þeir séu aðeins minni en haustið 2011. Þórbergur er sonur Brjáns 09-483, sem þarna keppir með hóp, og móðurföðurfaðir er Lóði 00-871. Andvari 11-455 á þarna lambahóp, sem er með gríðarmikla yfirburði í bakvöðvamælingu og er sá hópanna sem er með hæst lærastig hjá lömbunum en kjötmatshluti lambanna er á meðaltali. Þungasamanburður í lakari kantinum skýrist af því að þetta eru allt gemlingslömb. Andvari er sonur Ástriks 10-493 en móðurfaðir hans Ás 04-813.

Melar, Hrútafirði

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Spotti	10-726	Kveikur	09-707	128,2	157,6	142,9	16,0	10,3	6,8	28,3	3,7	16,9
Brandur	09-720	Geisli	07-601	130,1	119,4	124,8	16,4	10,3	6,8	27,0	4,2	17,0
Trölli	11-745	Logi	08-055	123,2	102,0	112,6	16,9	10,3	7,0	25,8	4,0	16,8
Botni	11-752	Grábotni	06-833	84,2	136,0	110,1	16,8	8,6	7,1	28,4	4,9	17,2
Spæjó	11-798	Hukki	06-841	99,0	108,3	103,7	16,0	8,8	6,6	27,4	5,1	17,1
Hukki	11-740	Hukki	06-841	95,6	106,9	101,3	15,0	8,6	6,4	25,8	3,6	16,8
Músarindill	10-736	Bónus-Garður	09-723	86,7	114,7	100,7	15,2	8,1	6,4	27,0	4,3	16,7
Tóti vinur	11-797	Vöðvi	06-820	92,9	97,9	95,4	16,7	9,4	7,3	26,4	4,4	17,2
Heydalur	09-710	Klumpur	08-117	81,4	102,1	91,8	16,1	8,5	6,9	26,0	4,2	16,8
Indi	11-744	Roði	05-507	91,2	52,8	72,0	18,2	9,0	7,3	24,8	4,5	16,9
Bjarmi	10-737	Blossi	07-823	70,1	50,3	60,2	15,5	8,2	6,9	24,2	4,2	16,5
							16,2	9,1	6,8	26,1	4,2	16,8

Langefsti lambahópurinn í þessari rannsókn er undan Spotta 10-726. Yfirburðirnir úr kjötmatshluta eru umtalsverðir þar sem báðir matsþættirnir telja jákvætt. Yfirburðir í bakvöðvamælingunni eru síðan feikilega miklir. Spotti er sonur Kveiks 09-707, sem er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir Spotta er Busi 07-732, sem er sonur Busa 03-946. Brandur 09-720 er með sláturlambahóp, sem er að gefa nánast sömu niðurstöður í kjötmatinu og lömbin undan Spotta. Lömbin undan Brandi eru einnig að skila miklum yfirburðum í bakvöðvamælingum. Brandur er fenginn frá Smáhömrum og er faðir hans Geisli 07-601 en móðurfaðir hans Hylur 01-883. Þriðji lambahópurinn, sem er að skila verulegum yfirburðum í kjötmatinu, er undan Trölla 11-745 en ómsjarmælingar fyrir þann lambahóp eru aftur á móti við meðaltal. Trölli er fenginn frá Tröllatungu og er faðir hans Logi 08-055 en móðurfaðir Trölla er Dropi 06-998.

Vestur Húnavatnssýsla

Bóroddsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Dóni	10-051	Raftur	05-966	112,6	128,6	120,6	17,9	9,6	5,7	28,4	2,5	17,3
Staur	08-052	Raftur	05-966	129,0	107,1	118,1	16,6	9,2	4,9	26,9	2,0	17,1
Penni	09-054	Púki	06-807	109,3	108,7	109,0	17,0	8,9	5,3	27,0	2,3	17,3
Vöndur	10-057	Rósi	09-056	98,7	111,0	104,9	16,6	8,9	5,6	27,7	2,6	16,9
Hamur	11-051	Hriflon	07-837	82,4	127,0	104,7	16,3	8,3	5,7	27,9	2,1	17,1
Bútur	11-053	Borði	08-838	86,4	122,0	104,2	15,4	8,9	6,0	27,8	2,7	17,0
Dári	11-057	Dóni	10-051	107,3	96,7	102,0	17,8	9,2	5,5	27,2	2,7	16,8
Biti	11-052	Borði	08-838	107,0	93,1	100,1	17,0	9,7	5,9	26,8	2,7	16,7
Rósi	09-056	Bósi	08-056	86,0	105,4	95,7	15,9	9,0	6,0	27,0	2,4	16,9
Pensill	10-056	Penni	09-054	96,5	93,0	94,8	17,5	8,9	5,7	27,0	2,8	17,1
Bokki	10-055	Bósi	08-056	98,2	87,7	93,0	17,0	9,6	6,1	26,4	2,4	17,0
Bósi	08-056	Brúsi	07-053	88,6	97,1	92,9	17,4	9,3	6,2	27,2	2,4	16,9
Lútur	11-055	Laufi	08-848	90,2	90,7	90,5	15,8	8,5	5,6	26,6	2,6	16,9
Róni	10-052	Raftur	05-966	100,3	77,1	88,7	16,0	9,3	5,8	25,8	2,5	17,3
Partur	11-056	Penni	09-054	95,8	70,2	83,0	16,9	8,9	5,7	25,9	2,9	17,2
							16,7	9,1	5,7	27,0	2,5	17,0

Hér er eins og oft umfangsmikil og vönduð rannsókn og athygli vekur hve fita lambanna er lítil þrátt fyrir góðan vænleika þeirra. Dóni 10-051 skipar nú efsta sætið. Á síðasta ári sýndu lömbin undan honum mikla yfirburði í ómsjárhluta rannsóknarinnar en þá var kjötmat undir meðaltalinu í samanburði en núna eru sláturlömbin framúrskarandi þroskamikil með sérstaklega glæsilegar kjötmatsniðurstöður. Dóni er sonur Rafts 05-966 en móðurfaðir hans er Busi 03-946. Staur 08-052 var í toppinum haustið 2011 og kemur nú með kostamikinn hóp. Yfirburðir lambanna undan honum liggja samt öðru fremur í því að hér fer einn fituleysishrútanna undan Rafti 05-966 en móðurfaðir Staurs, Nagli 02-054, er sonur Nála 98-870. Penni 09-054 á lambahóp þar sem lömbin sýna góða yfirburði um flesta eiginleikana, sem mældir eru í rannsókninni. Penni er sonur Púka 06-807 en móðurfaðir Penna, Dropi 05-051, er sonur Úða 01-912. Enginn af veturgömlu hrútunum blandar sér í toppbaráttuna að þessu sinni.

Mýrar 2

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Guðni	09-162	Púki	06-807	118,0	133,4	125,7	17,7	9,4	6,6	29,2	3,2	17,5
Leikur	10-162	Kveikur	05-965	129,2	118,0	123,6	18,4	10,7	7,2	28,6	3,0	17,4
Forði	11-134	Borði	08-838	119,1	119,8	119,5	17,1	9,4	6,5	29,0	3,3	17,0
Hálfmáni	11-132	Máni	09-849	109,3	129,2	119,3	17,5	9,8	7,1	29,0	3,0	17,2
Svarkur	10-165	Kjarkur	08-840	108,7	122,6	115,7	17,2	10,8	7,8	28,5	3,1	17,2
Myrkvi	11-163	Máni	09-849	104,7	121,8	113,2	17,5	9,7	7,2	29,1	3,5	17,2
Mosi	11-162	Gosi	09-850	108,5	105,4	107,0	17,0	8,9	6,5	27,8	2,9	16,8
Fantur	11-135	Laufi	08-848	98,1	107,4	102,8	16,9	9,4	7,1	27,8	3,0	17,0
Drífandi	10-164	Kjarkur	08-840	97,8	102,7	100,3	16,3	8,8	6,8	27,8	3,1	17,4
Klaki	11-166	Frosti	07-843	110,1	89,2	99,6	17,3	9,1	6,6	27,1	3,2	17,0
Braggi	09-133	Bogi	04-814	100,9	93,4	97,2	18,1	8,7	6,7	27,0	2,6	16,9
Höfðingi	10-136	Gotti	05-804	97,6	90,3	94,0	17,4	9,5	7,2	27,0	2,8	17,2
Bjálki	10-221	Raftur	05-966	78,6	101,8	90,2	17,2	8,4	7,1	27,9	2,6	16,9
Þjarkur	10-133	Kjarkur	08-840	95,1	73,3	84,2	16,7	8,9	6,9	26,6	3,0	16,9
Manni	11-165	Laufi	08-848	89,4	76,4	82,9	18,0	9,4	7,4	26,6	3,2	17,1
Spotti	08-162	Þráður	06-996	89,1	72,6	80,8	18,0	8,7	7,1	26,3	3,2	16,8

Skáli	11-222	Sokki	07-835	75,6	85,2	80,4	17,0	9,9	8,1	26,7	2,9	17,1
Vogur	10-135	Grábotni	06-833	90,0	61,8	75,9	17,5	9,8	7,7	25,8	2,9	16,9
Dugur	10-163	Kjarkur	08-840	71,8	53,0	62,4	17,3	9,1	7,9	25,3	3,8	16,6
							17,4	9,5	7,2	27,7	3,0	17,1

Hér er ein af stærri rannsóknum haustsins og margt forvitnilegt að skoða. Tveir efstu hóparnir eru undan sömu tveim hrútum og hér voru á toppinum haustið 2011, röð þeirra víxlast aðeins innbyrðis. Lömbin undan Guðna 09-162 eru með góðan kjötmatssamanburð þar sem lítil fita vegur meira en gerðin. Í samanburði ómsjarmælinganna eru yfirburðir verulegir enda vöðvar mjög þykkir á baki og í lærum. Guðni er undan Púka 06-807 og Lundi 03-945 er móðurfaðir Guðna. Lambahópurinn undan Leik 10-162 fær meira af yfirburðum sínum frá kjötmatinu. Lömbin eru feikilega væn með góð lærahold og það birtist síðan í mjög góðu kjötmati fyrir gerð. Bakvöðvamælingin skilar einnig umtalsverðum yfirburðum. Leikur er undan Kveiki 05-965 en móðurfaðir Leiks er Ljúfur 05-968. Keppni efstu hópanna undan veturgömlu hrútunum fer á þann veg að Forði 11-134 krækir sér þar í toppinn. Lítil fita vegur vel í kjötmatinu og bakvöðvamælingar eru góðar og skiptast yfirburðirnir jafnt á aðalþætti rannsóknarinnar. Forði er sonur Borða 08-838 en móðurfaðir Forða, Hulinn 05-162, er sonur Hyls 01-883. Hálfmáni 11-132 er einnig með stórgóðan hóp, lömbin vel gerð en þykkur bakvöðvi vegur þyngst í öllum samanburði. Hálfmáni er sonur Mána 09-849 en móðurfaðir hans Sölvi 08-161 er sonur Jóns Páls 04-990. Sláturlömbin undan Svarki 10-165 hafa ákaflega gott mat fyrir gerð en eru heldur feit en bakvöðvabykkt mælist mikil. Svarkur er sonur Kjarks 08-840 en Stirður 07-161 er móðurfaðir Svarks. Myrkvi 11-163 er annar sonur Mána 09-849, sem þarna er með góðan lambahóp. Sterkustu eiginleikar hér eru góð gerð og þykkur bakvöðvi. Móðurfaðir Myrkva er Lundi 03-945. Að lokum skal nefndur lambahópurinn undan Mosa 11-162 en hjá þeim lömbum telur lítil fita mest í yfirburðunum. Mosi er sonur Gosa 09-850 en Bylur 03-167 er móðurfaðir Mosa.

Staðarbakki

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Sari	10-056	Smyrill	04-800	121,8	112,8	117,3	16,9	9,0	6,4	26,7	3,4	16,9
Gerald	11-053	Kostur	09-851	93,2	132,3	112,8	16,4	8,8	6,9	27,7	3,2	16,7
Borði	11-054	Borði	08-838	116,1	105,1	110,6	17,4	9,6	6,9	26,3	3,3	17,1
Klængur	09-052	Bramli	04-952	113,9	104,3	109,1	17,0	8,6	6,3	26,3	3,4	16,5
Bjartur	11-052	Máni	09-849	120,9	91,4	106,2	16,8	8,9	6,1	25,7	3,4	16,6
	09-054	Bramli	04-952	112,5	94,0	103,3	15,9	8,3	5,9	25,7	3,2	16,6
Glitnir	10-058	Bonus	07-051	89,6	108,4	99,0	16,4	8,2	6,6	26,8	3,6	16,6
Seifur	10-057	Fannar	07-808	80,7	105,0	92,9	16,9	8,4	7,2	26,2	3,4	16,8
	08-051	Raftur	05-966	83,9	87,6	85,8	17,3	8,0	7,0	26,3	3,9	16,8
Allfriðu	09-051	Tulinus	06-053	83,6	60,9	72,3	17,1	8,0	6,9	25,3	4,1	16,9
							16,7	8,5	6,6	26,3	3,5	16,7

Í þessari rannsókn eru það mest ný andlit, sem eru að birtast á þeim hrútum, sem skipa sér í efri sætin í rannsókninni. Efstur stendur lambahópurinn undan Sari 10-056 en kjötmatssamanburðurinn eru honum mjög hagstæður bæði fyrir gerð og fitu. Sari er undan Smyrli 04-800 en móðurfaðir hans Túli 06-052 er sonur Túla 98-858. Gerald 11-053 kemur í tæpu meðallagi í kjötmatssamanburðinum en bakvöðvamælingar lambanna koma sérlega vel út úr samanburði við hina hópana. Örlítið óhagstæður fallþungasamanburður skýrist af háu hlutfalli tvævetlulamba. Gerald er sonur Kosta 09-851 en móðurfaðir er Túlíníus 06-053, sem er hrútur undan Túla 98-858. Borði 11-054 er með þroskamikil lömb sem skila jákvæðum samanburði fyrir báða meginþættina og gerðarmat lambanna undan Borða er það besta fyrir alla hópana. Borði er sonur Borða 08-838 en móðurföðurfaðir Hagi 98-857. Klængur 09-052 á hóp með jákvæðan samanburð þar sem fituleysið vegur samt þyngst en Klængur er sonur Bramla 04-952 og Lóði 00-871 síðan móðurföðurfaðir. Undan Bjarti 11-052 eru lömb sem sýna

afgerandi yfirburði í kjötmatssamanburðinum, bæði gerð og lítil fita lambanna telja þar mjög jákvætt. Bjartur er sonur Mána 09-849 en móðurfaðir Bjarts er Úði 01-912.

Bergsstaðir, Miðfirði

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Gróði	10-304	Gotti	05-804	106,8	134,9	120,9	19,0	10,4	7,4	30,8	2,9	17,6
Randver	10-305	Raftur	05-966	109,3	100,5	104,9	18,6	10,7	7,4	29,2	2,8	17,2
Sjarmur	11-301	Sokki	07-835	91,1	118,7	104,9	18,6	9,8	7,3	29,7	2,8	17,5
Hvítbotni	10-301	Grábotni	06-833	107,2	102,0	104,6	18,5	10,8	7,5	28,9	2,5	17,4
Högni	10-300	Hólmi	08-839	106,5	98,8	102,7	17,9	10,0	6,8	29,1	3,1	17,4
Sukki	11-303	Hukki	06-841	99,7	98,2	99,0	18,2	10,3	7,3	28,9	2,8	17,3
Sómi	11-310	Sokki	07-835	92,3	64,1	78,2	18,9	10,2	7,7	27,6	3,1	16,8
Krókur	11-308	Kristall	10-150	83,0	67,0	75,0	18,8	10,4	8,0	28,2	3,3	17,4
							18,6	10,3	7,4	29,2	2,9	17,4

Eins og tölurnar í töflunni staðfesta greinilega er mikið af mjög glæsilegum lömbum í afkvæmahópunum hér líkt og verið hefur oft áður. Gróði 10-304 á að þessu sinni hópinn, sem stendur nokkuð efstur. Haustið 2011 voru lömbin undan Gróða í rannsókninni þá einnig mjög góð. Lömbin eru þroskamikil með gott kjötmat en stóru yfirburðirnir eru sóttir í líflambaskoðun, mælingu á þykkt bakvöðva og mat á læraholdum, sem hvorutveggja er afbragðsgott. Gróði er sonur Gotta 05-804 en móðurfaðir hans er Lóði 00-871. Randver 10-305 á sláturlambahópinn, sem skilar bestum kjötmatssamanburðinum. Randver er sonur Rafts 05-966 en móðurfaðir hans var hrútur 06-145. Sláturlömbin undan Hvítbotna 10-301 eru með hæsta gerðarmatið en Hvítbotni er sonur Grábotna 06-833 og móðurfaðir hans Station 04-146.

Bjarg, Miðfirði

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Roði	08-230	Raftur	05-966	133,4	155,3	144,4	18,4	10,6	6,8	28,1	2,6	17,2
Hringur	07-259			106,3	113,3	109,8	18,3	9,8	7,0	26,9	3,0	17,0
Ranni	08-235	Raftur	05-966	101,2	105,3	103,3	18,0	10,1	7,3	26,3	2,8	17,1
Þokki	11-250	Sokki	07-835	96,4	102,1	99,3	16,9	8,7	6,4	26,6	3,3	17,3
Jarl	08-231	Jaðri	03-260	79,0	94,0	86,5	16,6	8,7	6,9	26,3	3,2	16,6
Grettir	10-245	Gotti	05-804	81,5	88,2	84,9	17,8	9,1	7,2	25,7	2,7	16,7
Móses	11-255	Salomón	07-268	97,0	59,4	78,2	17,2	8,4	6,2	24,0	2,9	16,4
Salomón	07-268	Móri	02-935	88,7	57,2	73,0	16,8	8,5	6,5	25,1	3,8	16,6
							17,7	9,5	6,9	26,3	3,0	16,9

Roði 08-230 var sigurvegari hér í rannsókn haustið 2011 og núna mætir nýr lambahópur undan honum sem sýnir miklu meiri yfirburði en hópurinn haustið 2011. Lömbin eru framúrskarandi þroskamikil og kjötmatshæðir glæsilegar. Mat fyrir gerð það langbesta af öllum hópunum og fita lítil. Þá eru lömbin með fádæma mikla yfirburði í ómsjarmælingunum. Roði er einn hinna fjölmörgu úrvalshrúta undan Rafti 05-966 en móðurfaðir hans er Urri 04-258. Lambahópurinn, sem þarna er undan Hringi 07-259, eru þroskamikil lömb, sem eru að sækja yfirburði fyrir flesta eiginleikana í rannsókninni.

Urriðaa

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Runni	11-014	Laufi	08-848	133,5	154,9	144,2	19,4	11,3	7,1	30,6	3,2	17,7
Peli	09-017	Púki	06-807	117,8	158,9	138,4	18,8	11,0	7,5	30,6	3,2	17,7
Svali	11-015	Frosti	07-843	127,9	100,8	114,4	19,5	10,5	6,9	28,9	3,0	17,4
Strengur	11-012	Borði	08-838	105,8	118,2	112,0	19,4	11,2	8,0	29,6	3,1	17,4
Naggur	10-012	Nökkvi	09-016	94,1	128,9	111,5	19,4	10,4	7,8	30,1	3,4	17,6
Kvistur	10-011	Raftur	05-966	95,8	64,3	80,1	20,1	10,8	8,1	28,2	4,1	17,5
Reimar	11-011	Borði	08-838	83,9	62,9	73,4	19,2	10,1	7,9	27,7	3,5	17,4
Stilkur	11-013	Laufi	08-848	85,1	58,2	71,7	19,2	9,7	7,6	27,4	3,3	17,2
Raggi	11-016	Kvistur	10-011	71,2	41,2	56,2	19,2	9,7	8,0	26,4	3,4	17,1
							19,3	10,5	7,7	28,9	3,4	17,5

Eins og svo oft áður er í þessari rannsókn að finna lömb, sem eru frábær að allri gerð eins og tölurnar vitna skírt um. Rannsóknin að þessu sinni skiptir hrútunum, sem lömb eiga þarna, nokkuð greinilega í tvo hópa. Efstur stendur hópur undan Runna 11-014. Lifandi lömbin eru að mælast með gríðarlega þykkum bakvöðva og lærahold þeirra eru einnig með afbrigðum góð. Í kjötmatinu eru ekki síður glæsilegar niðurstöður þar sem hópurinn er með besta gerðarmatið, sem er stórglæsilegt, og fita er lítil. Runni er sonur Laufa 08-848 og áreiðanlega allra athyglisverðasti sonur hans, sem komið hefur fram. Móðurfaðir Runna er Kjölur 07-011, sem er sonur Kjalvars 02-943 en móðurmóðurfaðir er Kveikur 05-965. Peli 09-017 var að gefa mjög góðar niðurstöður í rannsóknunum bæði 2010 og 2011 og mætir núna með hóp, sem er stórglæsilegur. Kjötmatssamanburður er mjög góður sérstaklega gerðarmat lambanna og niðurstöður líflambaskoðunar eru frábærar bæði með vöðva á baki og í lærum. Peli er sonur Púka 06-807 en móðurfaðir hans er Vöðvi 04-015, sem var topphrútur hér fyrir nokkrum árum. Svali 11-015 kemur með alla sína yfirburði frá kjötmatshluta rannsóknarinnar en sláturlömbin undan honum eru rígvæn með góða gerð og fita er mjög lítil. Svali er sonur Frosta 07-843 en móðurfaðir Bramli 04-952, þannig að fituleysi hjá lömbunum kemur tæplega að óvart út frá ætterni þeirra. Strengur 11-012 á mjög góðan lambahóp. Kjötmat er einkar glæsilegt fyrir gerð en fita aðeins í meira lagi og líflambaskoðunin er einnig að skila jákvæðum niðurstöðum. Strengur er sonur Borða 08-838 og móðurfaðir hans Steri 06-011 og móðurmóðurfaðir er Eldar 01-922. Naggur 10-012 stóð efstur í rannsókn haustið 2011. Hópurinn að þessu sinni er í tæpu meðallagi um kjötmatssamanburð en líflambahlutinn er að skila honum gríðarlega miklum yfirburðum. Naggur er sonur Nökkva 09-016 en móðurfaðir hans er Raftur 05-966.

Barkarstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kaktus	09-406	Fannar	07-808	129,3	169,2	149,3	16,0	10,4	6,6	30,3	3,2	17,1
Blossi	11-402	Kveikur	05-965	113,2	119,1	116,2	16,1	9,0	6,2	28,4	2,6	16,9
Kroppur	08-404	Raftur	05-966	102,4	109,5	106,0	15,7	8,6	6,2	28,4	2,9	17,2
Leiftur	11-406	Kóngur	04-829	112,5	84,5	98,5	14,9	9,3	6,1	26,8	2,6	17,0
Bogi	11-404	Frosti	07-843	111,9	80,3	96,1	15,5	9,0	6,1	26,2	2,5	16,9
Brútus	10-406	Raftur	05-966	94,9	96,2	95,6	16,1	8,7	6,6	27,3	2,8	17,3
Bruni	09-403	Kveikur	05-965	96,4	94,0	95,2	16,0	9,1	6,8	28,0	3,4	17,0
Tumi	11-401	Kóngur	04-829	88,7	85,2	87,0	14,8	8,0	6,0	26,6	2,7	17,1
Svali	11-403	Hriflon	07-837	81,1	85,9	83,5	16,1	8,3	6,8	27,4	3,3	16,9
Tígull	11-408	Kroppur	08-404	73,0	43,5	58,3	17,2	8,3	7,5	25,9	3,7	16,8
							15,8	8,9	6,5	27,8	3,0	17,0

Enn einum sinni kemur Kaktus 09-406 með gríðarlega mikinn topphóp lamba í þessum rannsóknum. Þegar hann var veturgamall var hann einn toppanna þá yfir allt landið og haustið 2011 var hann á

toppinum hér á búinu. Núna kemur lambahópur, sem skilar honum í eitt af efri sætunum yfir landið. Lömbin eru vel væn með feikilega gott kjötmat, gerðarmatið ber ótrúlega mikið af öllum hinum hópunum. Þá eru yfirburðirnir í bakvöðvamælingunum eins og stundum áður með ólíkindum miklir. Kaktus er sonur Fannars 07-808 og móðurfaðir hans Bangsi 05-411 var hér lengi notaður en hann var frá Urriðaá og þegar hann var veturgamall var hann í heildareinkunn hæstur hrúta landsins í afkvæmarannsóknnum. Blossi 11-402 er með hóp, sem er að sýna talsvrða yfirburði og sækir hann þá nokkuð jafnt í báða meginþætti rannsóknarinnar en sterkustu eiginleikar afkvæma hans er þykkur vöðvi og lítil fita. Blossi er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir Blossa, Vörður 04-405, er sonur Dreitils 00-891. Lömbin undan Kroppi 08-404 eru að sækja sér nokkra yfirburði fyrir flesta eiginleikana í rannsókninni. Kroppur er sonur Rafts 05-966 en móðurfaðir Kropps er Vörður 04-405, sem áður er nefndur.

Finnmörk

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Roði	09-379	Vaskur	04-381	117,0	136,4	126,7	16,1	8,8	6,8	28,8	3,4	17,3
	11-372	Planki	10-375	98,4	130,0	114,2	16,0	8,6	7,2	28,9	3,9	17,1
	11-375	Máni	09-849	119,3	104,0	111,7	15,9	8,0	5,8	26,4	2,7	16,8
Tankur	10-371	Vaskur	04-381	87,3	135,9	111,6	16,9	8,6	7,7	29,0	4,0	17,3
	09-370		08-371	104,7	112,1	108,4	16,9	8,8	7,3	27,4	3,3	17,1
Vaskur	04-381			95,4	110,8	103,1	18,6	9,4	8,3	28,0	3,8	17,4
	09-376		07-370	106,7	90,9	98,8	15,7	8,6	6,9	26,1	3,3	17,1
Fálki	10-373	Breiði	05-371	107,2	86,3	96,8	18,8	10,1	8,3	26,9	4,1	17,3
Jökull	10-372		08-370	100,9	88,7	94,8	15,9	8,9	7,3	26,6	3,5	16,9
	09-373		07-370	91,4	89,9	90,7	15,8	8,2	7,1	26,6	3,5	17,1
	08-371	Gári	04-380	92,1	50,7	71,4	16,8	8,3	7,3	26,1	4,1	17,0
							16,5	8,7	7,3	27,3	3,7	17,1

Efsta sætið að þessu sinni skipar Roði 09-379 en yfirburði hans koma að stórum hluta úr líflambahlutanaum en afkvæmi hans eru með þykkun bakvöðva og fitulítill. Roði er sonur Vasks 04-381 sem þarna á einnig afkvæmahóp og móðurföðurfaðir hans er Moli 00-882. Næstur er hrútur 11-372 og koma yfirburði hans líka nær eingöngu frá mælingum lifandi lamba með þykkun bakvöðva en aðeins yfir í fitumati. Faðir hans er Planki 10-375 sem var sonur Kjarks 08-840. Þriðji er svo 11-375 sonur Mána 09-849 frá Hesti og stendur hann efstur í kjötmatseinkunn en yfirburðirnir eru nær allir vegna lítillar fitu afkvæma hans. Móðurföðurfaðir hans er einnig Moli 00-882.

Efri Fitjar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Gautrekur	10-661	Grábotni	06-833	109,6	135,6	122,6	17,0	10,0	6,5	27,0	3,0	17,3
Erpur	10-662	Raftur	05-966	125,1	113,8	119,5	16,5	10,7	6,6	25,7	2,8	17,1
Ketill	11-662	Grábotni	06-833	117,7	117,7	117,7	16,5	9,3	5,8	25,9	3,1	17,2
Hryggsson	11-664	Hryggur	09-666	109,7	80,0	94,9	17,3	10,2	6,6	24,7	4,2	17,4
Gunnar	11-667	Grábotni	06-833	85,9	102,7	94,3	17,2	9,6	6,9	25,8	3,4	17,1
Bær	10-672		09-047	95,7	86,8	91,3	17,0	9,7	6,7	25,2	3,8	17,2
Riddari	11-660	Hukki	06-841	71,8	104,5	88,2	16,8	9,2	7,1	25,9	3,5	17,0
Kjarval	11-661	Kaldi	03-989	81,8	53,7	67,8	16,5	8,7	6,5	24,1	4,4	16,4
							16,9	9,7	6,6	25,6	3,5	17,1

Í rannsókninni hér eru það þrjú afkvæmahópar sem skera sig talsvert frá hinum hópum rannsóknarinnar. Efstur stendur Gautrekur 10-661 með hóp af þroskamiklum lömbum með þykkun bakvöðva og litla fitu. Faðir hans er Grábotni 06-833 og móðurfaðir Ljómui 04-673. Næstur honum

stendur Erpur 10-662 sem hefur meira af sínum yfirburðum úr kjötmatinu en þau sýna mikil útslag í gerð. Hann er sonur Rafts 05-966 og móðurfaðir er Busi 03-946. Þriðji í röðinni er svo Ketill 11-662 sem er jafn um flesta þætti rannsóknarinnar en gefur þó heldur minni fitu sem fleytir honum þetta hátt en hann er sonur Grábotna 06-833 og móðurfaðir hans Þráður 06-996.

Vatnshóll

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Massi	11-153	Blossi	07-823	116,7	131,9	124,3	17,6	9,4	6,4	28,0	2,5	17,1
Kóngur	08-703	Völlur	04-142	108,6	122,6	115,6	18,3	9,9	7,1	27,7	2,8	17,1
Garri	09-713	Garði	06-157	92,9	130,5	111,7	19,1	10,2	7,9	29,3	3,9	17,6
Jóker	10-144	Neisti	06-822	105,2	115,5	110,4	18,8	9,6	7,1	27,5	3,4	17,1
Dugur	09-710	Latur	06-153	100,0	104,7	102,4	17,6	9,4	6,9	27,3	3,4	16,7
Depill	10-143	Neisti	06-822	89,2	112,5	100,9	17,7	9,0	7,0	27,4	3,5	17,2
Þjarkur	10-145	Neisti	06-822	95,0	101,1	98,1	19,0	9,9	7,6	27,6	4,2	17,2
Gári	11-148	Kóngur	08-703	109,4	84,2	96,8	17,2	9,6	6,7	25,6	3,1	16,7
Þristur	10-141	Garði	06-157	68,8	110,3	89,6	19,9	9,2	8,1	27,4	3,4	17,1
Boði	06-155	Völlur	04-142	96,5	81,7	89,1	18,2	9,4	7,1	25,7	3,3	16,8
Kári	10-147	Bolli	06-821	94,1	82,6	88,4	19,1	9,4	7,3	26,8	3,7	16,9
Vísir	10-146	Bolli	06-821	97,3	41,4	69,4	17,8	9,1	6,8	25,1	3,8	17,0
							18,4	9,5	7,1	27,1	3,6	17,1

Hér er eins og oft á undangengnum árum all umfangsmikil rannsókn þar sem mikið er af vænum lömbum eins og taflan sýnir. Lambahópurinn undan Massa 11-153 skipar sér hér á toppinn. Kjötmatssamanburðurinn er mjög hagstæður og telur þar langmest lítil fita lambanna. Samanburður úr mati og mælingum lifandi lambanna er einnig mjög hagstæður, sérstaklega bakvöðvamæling. Óhagstæður fallþungasamanburður skýrist í meginatriðum af því að þetta eru allt tvævetlulömb. Massi er sonur Blossa 07-823 en móðurfaðir hans er Boði 06-155, sem er sonur Vallar 04-142 frá Melum í Árneshreppi. Kóngur 08-703 hefur stundum á undanförunum árum átt topphópa eða við toppinn í rannsóknnum hér og gerir enn. Lömbin að þessu sinni sýna nokkuð jákvæðan kjötmatssamanburð og ómsjarmælingahlutinn skilar miklum yfirburðum. Kóngur er sonur Vallar 04-142 frá Melum, sem áður er nefndur og móðurfaðir hans er Partur 99-914. Garri 09-713 er með ákaflega líkan lambahóp og hann átti haustið 2011. Lömbin eru mjög þroskamikil með besta matið fyrir gerð en fitumatið spillir kjötmatssamanburði verulega. Bakvöðvaþykkt og lærahold eru meiri hér en hjá öðrum hópum. Garri er sonur Garða 06-157. Jóker 10-144 er þarna með ágætlan lambahóp, sem kemur vel út úr samanburði beggja meginþátta rannsóknarinnar og lömbin þroskamikil. Jóker er sonur Neista 06-822 en móðurfaðir hans er Völlur 04-142 frá Melum, sem hér hefur áður komið við sögu.

Sauðá

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Hrafn	09-228	Þrjónn	07-812	113,6	154,3	134,0	18,0	9,7	6,6	27,5	2,2	17,2
Blettur	10-240	Hrafn	09-228	111,6	129,2	120,4	18,1	10,0	6,9	27,1	2,7	17,5
Bessi	10-125	Peli	07-087	111,5	116,9	114,2	17,7	10,0	6,8	26,5	2,7	16,9
Roði	11-229	Borði	08-838	100,9	99,7	100,3	18,7	10,3	7,5	25,8	2,6	16,9
Vísir	10-122	Undri	05-818	76,0	98,3	87,2	18,5	9,4	7,6	25,7	2,8	17,1
Melur	08-137	Raftur	05-966	105,5	67,1	86,3	18,4	9,4	6,7	24,1	3,0	17,2
Skúmur	11-231	Gammur	09-163	99,0	68,8	83,9	19,2	9,5	7,1	24,0	3,1	17,3
Morró	11-223	Vísir	10-122	96,2	59,9	78,1	17,8	9,1	6,7	24,4	2,7	16,8
							18,3	9,6	7,0	25,8	2,7	17,1

Hér gerist það þriðja árið í röð að Hrafn 09-228 mætir hér til leiks með lambahópinum, sem skipar sér efstur og eru yfirburðir hans að þessu sinni talsverðir. Kjötmatssamanburðurinn er jákvæður og fita talsvert minni en á síðasta ári. Síðan eru yfirburðir gríðarlega miklir í ómsjarmælingunum eins og ætíð hefur verið Hrafn er sonur Prjóns 07-812 og móðurfaðir Kjarni 01-127 er hrútur undan Túla 98-858. Sonur Hrafns Blettur 10-240 stendur þarna næstur. Kjötmatssamanburður gefur mjög líkt og hjá föður hans en gerðarmatið er að skila betri niðurstöðum enda hópurinn undan Bletti að stigast hæst fyrir lærahold. Móðurfaðir Bletts er Kóngur 04-829 og smávegis er móðir hans skyldleikaræktuð vegna þess að móðurmóðurfaðir Bletts er Lóði 00-871. Bessi 10-125 fær mjög líka mynd fyrir sinn afkvæmahóp og var á síðasta ári, ómsjarmælingarnar eru að skila öllu meira af yfirburðunum eins og þá. Aðeins léttari lömb en í hinum hópunum er vegna þess að þetta eru mest lömb undan tvævetlum. Bessi er frá Bergstöðum og er faðir hans Peli 07-087 og móðurfaðir hans er Púki 06-807.

Sauðadalsá

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Bender	11-188	Bossi	09-162	121,5	106,8	114,2	17,9	9,6	6,3	28,3	3,4	17,4
Fróði	09-166	Bogi	04-814	104,0	114,8	109,4	18,7	9,9	7,2	29,3	3,8	17,2
Boði	08-017	Muggur	07-004	98,3	113,6	106,0	19,1	10,3	7,7	29,2	3,9	17,2
Segull	11-179	Gammur	09-163	121,2	87,7	104,5	20,1	10,7	7,5	27,5	3,4	17,4
Sarpur	11-180	Gammur	09-163	110,9	91,0	101,0	19,6	10,6	7,6	28,3	4,4	17,2
Baldur	08-014	Brúsi	02-501	98,9	99,5	99,2	19,0	9,6	7,2	28,1	3,6	17,4
Gammur	09-163	Grunur	08-160	90,8	100,2	95,5	20,0	9,8	7,7	28,8	4,2	17,4
Foli	11-184	Faldur	10-176	71,2	94,8	83,0	18,8	9,6	8,0	28,4	4,2	17,4
Guffi	11-182	Geymir	10-174	70,8	86,3	78,6	19,7	9,2	8,0	27,8	3,7	17,3
							19,4	10,0	7,5	28,4	3,8	17,3

Lömbin sem hér eru í afkvæmahópunum eru með afbrigðum væn og ákaflega kostamikil að flestu leyti. Í heildareinkunn stendur efstur Bender 11-188 og er það öðru fremur lítil fita í fitumatinu, sem lyftir honum en einnig eru líflambaniðurstöðurnar mjög jákvæðar. Þó að lömbin séu væn er fallþungasamanburður þeim óhagstæður og eitthvað af yfirburðum reiknaðir vegna leiðréttinga. Líklega skýrist þungamunur samt mest af því að nokkuð stór hluti lambanna eru gemlingslömb. Bender er sonur Bossa 09-162 sem er frá Broddanesi 1 sonur Brodda 07-015. Móðurfaðir Bender er Bogi 04-816 og móðurmóðurfaðir Kjói 04-816, þannig að kjötgæði hjá lömbum undan honum vegna lítillar fitu koma ekki að óvart í ljósi ætternis. Fróði 09-166 hefur áður sýnt sig sem kjötgæðahrút í þessum rannsóknum og kostamikill lambahópur að öllu leyti staðfestir þær niðurstöður. Fróði er sonur Boga 04-814 og móðurfaðir hans Kjói 04-816. Lömbin sem fylgdu Boða 08-017 sýndu allt aðra mynd í bakvöðvamælingu en lömb undan honum hafa gert áður. Gerðarmat lambanna er einnig ágætt. Boði er sonur Muggs 07-004, sem er hrútur undan Mána 03-975 en móðurfaðir Boða er Frakksson 03-974. Þá eru lambahópar undan hálfbræðrunum Segli 11-179 og Sarpi 11-180 að koma ákaflega vel út í kjötmati sérstaklega er gerðarmat lambanna gott, en líflambahluti rannsóknarinnar hjá þeim er undir meðaltali. Báðir eru þeir synir Gamms 09-163 frá Broddanesi 1. Móðurfaðir Seguls er Klumpur 07-008 en Sarpur á hins vegar Kjóa 04-816 að móðurföður.

Bergsstaðir, Vatnsnesi

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Grámann	10-884	Grábotni	06-833	112,4	120,7	116,6	16,1	9,7	5,9	29,1	2,1	17,3
Flosi	10-210	Raftur	05-966	118,0	113,6	115,8	17,8	10,0	6,3	28,9	2,4	17,8
Sóði	08-098	Gotti	05-804	108,3	105,8	107,1	17,9	9,9	6,5	28,4	2,2	17,4
Margt glæsilegra lamba kom fram á sjónarsviðið í þessari rannsókn. Birkir 10-151 átti mjög kostamikinn hóp hrútlamba á báðum bæjum en meiri breytileiki var í gimbrarlömbunum undan honum. Sláturlömbin undan honum flokkuðust hins vegar geysilega vel voru væn, fitulítill og með gerð um meðaltal en rétt er að ítreka að stór hluti afkvæma var settur á.

Kjöti 10-105 átti einnig mjög magnaðan hóp hrútlamba sem voru feikilega vel gerð og mörg hver með mjög öflug lærahold. Þau sem lakari voru og fóru í slátrun flokkuðust hins vegar ekki nógu vel. Faxi 09-152 átti einnig mjög kostamikinn hóp lamba, sérstaklega gimbrarlömb en mörg þeirra voru mjög skapstór líkt þekkt er meðal afkomenda Rafts 05-966.

Af öðrum aðkomuhrútum má nefna Hvin 09-197 sem hafði gefið gríðarlega góðar niðurstöður heima á Núpi. Undan honum komu margar glæsikindur en breytileiki í bakvöðvabykkt og gerð var meiri en undan öðrum hrútum. Þau lömb sem fóru í slátrun flokkuðust hins vegar gríðarlega vel og sýndu jákvætt útslag í gerð. Drumbur 10-156 gaf einnig mjög góð lömb en mörg þeirra voru óþarflega feit.

Að rannsókninni lokinni þótti ekki ástæða til að fala nema einn hrút á sæðingastöð en það var Birkir 10-151 (10-893) sem verður hýstur á sæðingastöðvunum næsta vetur.

Laxárdalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kraftur	11-324	Faxi	09-152	124,8	132,0	128,4	16,0	10,6	6,4	31,0	2,2	17,4
Flóki	10-320	Kveikur	05-965	117,9	127,7	122,8	14,7	9,3	5,6	30,4	2,1	17,3
Lási	07-024	Lási	05-226	117,5	91,5	104,5	15,8	9,8	6,2	28,9	2,4	17,3
Kristall	11-321	Flóki	10-320	92,7	114,7	103,7	14,5	8,6	5,8	30,2	2,8	17,6
Lykill	09-324	Lási	07-024	93,2	106,7	100,0	15,0	9,1	6,2	29,4	2,4	17,5
Taumur	11-322	Flóki	10-320	103,6	89,4	96,5	14,8	8,7	5,6	28,7	2,2	17,0
Massi	06-101	Baugur	05-105	88,5	97,3	92,9	14,6	8,6	5,9	29,5	2,9	17,2
Stubbur	11-323	Hergill	08-870	92,4	92,3	92,4	14,4	9,1	6,1	28,5	1,9	17,0
Öxull	10-323	Grábotni	06-833	83,2	92,7	88,0	14,8	8,8	6,2	29,1	2,7	17,4
Erpur	10-321	Kveikur	05-965	82,4	60,8	71,6	14,2	8,1	5,6	27,7	2,4	17,1
							14,8	9,0	5,9	29,2	2,4	17,3

Í afkvæmarannsókninni hér er það lambahópurinn undan Krafti 11-324, sem er með hæsta heildareinkunn, en lömbin bera af í vænleika og um flesta kjötgæðaeiginleika sem mældir eru í rannsókninni. Það kann að hafa einhver áhrif á niðurstöður samanburðar í rannsókninni að nær öll lömbin undan Krafti eru gemlingslömb. Kraftur er fenginn frá Hagalandi undan Faxe 09-152, sem er sonur Rafts 05-966, en móðurfaðir Krafts er Kjalvar 02-943 og móðurmóðurfaðir er Fróði 04-963. Mjög jafn og kostamikill lambahópur er þarna undan Flóka 10-320 en í rannsókninni haustið 2011 sýndi hann umtalsverða yfirburði. Flóki er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir hans Jafet 00-023 var mikið notaður hrútur í Laxárdal um árabíl. Lömbin undan Lása 07-024 sýna prýðilegar niðurstöður í kjötmatshluta rannsóknarinnar. Lási er frá Hvammi 2 sonur Lása 05-226.

Gunnarsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Loki	10-051	Dúx	09-203	118,2	182,9	150,6	15,9	10,4	6,4	31,4	2,6	17,8
Glanni	11-046	Hólmi	08-839	104,8	135,0	119,9	15,2	9,6	6,0	30,9	3,0	17,6
Helgi	05-205	Áki	04-533	109,1	125,1	117,1	14,3	9,5	5,6	29,8	2,6	17,3
Glói	11-048	Ljómi	09-041	100,0	132,2	116,1	14,4	9,4	5,8	30,0	2,4	17,3
Ljómi	09-041	Kveikur	05-965	101,5	129,0	115,3	15,5	9,3	6,0	29,8	2,3	17,2
Váli	10-047	Stáli	06-831	123,4	99,4	111,4	15,5	9,8	5,7	28,8	2,5	17,4
Fantur	10-046	Hriflon	07-837	97,8	123,3	110,6	15,5	9,3	6,1	29,8	2,3	17,2
Planki	10-043	Raftur	05-966	105,6	101,2	103,4	15,3	9,4	5,9	28,9	2,4	17,2
Laxi	11-044	Lagður	07-847	113,6	84,1	98,9	14,8	9,5	5,5	28,1	2,4	17,0
Djarfur	09-042	Raftur	05-966	96,5	78,0	87,3	14,8	8,8	5,6	28,1	2,4	17,1
Klettur	10-042	Hólmi	08-839	94,1	71,9	83,0	15,1	9,6	6,3	27,7	2,5	17,2
Uka	11-041	Grábotni	06-833	98,8	67,1	83,0	15,2	8,7	5,6	27,7	2,9	17,0
Mjaldur	09-045	Mjöður	07-811	92,6	61,2	76,9	14,6	8,7	5,6	27,4	2,9	17,0
Hnykill	11-042	Prjónn	07-812	82,8	59,1	71,0	15,7	8,8	6,3	26,5	2,1	16,6
Flóki	11-045	Lagður	07-847	78,3	52,7	65,5	14,3	8,2	5,6	27,2	2,6	16,9
Jói	09-046	Svoli	06-043	84,1	27,4	55,8	14,8	8,9	6,0	26,6	2,9	16,9
							15,0	9,3	5,9	28,9	2,5	17,2

Í þessari stóru rannsókn sýna margir afkvæmahópanna niðurstöður, sem full ástæða er til að veita frekari athygli. Efstur líkt og á síðasta ári er lambahópur undan Loka 10-051. Yfirburðir hans í ómsjarmælingaþætti rannsóknarinnar eru undraverðir en auk þykks bakvöðva ber einnig lærastigun hópsins talsvert af öðrum hópum. Kjötmatniðurstöður eru einni góðar, sérstaklega gerðarmatið, sem ber mikið af hinum hópnum. Þungasamanburður er hópnum einnig mjög í vil. Loki er fenginn frá Snartarstöðum og er faðir hans Dúx 09-203 í Sveinungsvík, sem er sonur Multa 08-206. Móðurfaðir Loka er Sör 04-531. Glanni 11-046 á þarna lambahóp, sem sýnir gríðarmikla yfirburði í líflambahlutanum en kjötmatniðurstöður í góðu meðallagi. Glanni er sonur Hólma 08-839 en móðurfaðir hans er Hrani 04-050. Helgi 05-205 hefur síðustu árin verið að koma fram sem athyglisverður kynbótahrútur á Gunnarsstöðum og mætir nú með lömb sem sýna góða yfirburði um flesta kjötgæðaðættina en þungasamanburður er þeim í óhag í ár. Helgi kemur frá Sveinungsvík og er faðir hans Áki 04-533 á Snartarstöðum en móðurfaðir Helga er Prúður 94-834. Næstir í röð lambahópanna koma lömb þeirra feðga Ljóma 09-041 og Glóa 11-048 en þeir eru mjög keimlíkir. Yfirburðir þeirra beggja í rannsókninni eru nær allir fengnir úr ómsjarmælingaþætti rannsóknarinnar. Ljómi hefur síðustu árin verið í toppinum í rannsókn hér og löngu sannað sig sem mikil kynbótakind en hann er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir hans Toppur 00-926. Móðurfaðir Glóa er aftur á móti Blómi 04-048. Bæði Váli 10-047 og Fantur 10-048 voru með athyglisverða hópa haustið 2011 og niðurstöður nú staðfesta kosti þeirra. Váli, sem er undan Stála 06-831, kemur eins og þá með yfirburði í kjötmatinu en yfirburðir lambanna undan Fantu eru nú allir frá ómsjarmælingaþætti rannsóknarinnar en Fantur er undan Hrifloni 07-837.

Ytra-Áland

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Alvin	10-077	Rúbín	08-004	97,1	165,2	131,2	14,9	8,8	5,9	29,7	2,3	17,4
Dóri	09-076	Jökull	07-844	125,3	109,8	117,6	14,6	9,6	5,6	28,3	2,5	17,1
Gaurson	08-075	Gaur	04-532	105,8	107,5	106,7	13,8	9,1	5,6	28,0	2,1	17,3
Sammi	10-070	Sam	06-078	101,0	110,0	105,5	14,1	8,8	5,6	28,2	2,4	17,4
	11-078	Alvin	10-077	87,1	111,4	99,3	14,4	8,3	5,8	28,5	2,7	17,5
	11-074	Dóri	09-076	101,6	83,2	92,4	14,9	9,0	5,9	27,2	2,5	17,0
Frami	11-070	Ljómi	09-041	90,7	87,5	89,1	14,6	8,4	5,8	27,3	2,7	17,3
Janki	11-072	Hlammur	09-004	91,2	75,8	83,5	13,7	8,0	5,3	26,5	2,5	16,9
Leistur	08-262	At	06-806	83,6	74,7	79,2	14,6	8,8	6,2	27,3	2,8	17,2
	11-076	Dóri	09-076	95,6	59,1	77,4	14,5	9,0	6,0	26,0	2,7	17,2
	11-073	Dóri	09-076	75,6	53,2	64,4	14,0	7,6	5,6	25,5	2,9	16,6
							14,4	8,8	5,7	27,9	2,5	17,2

Allir hrútarnir, sem eiga lambahópana, sem efstir standa í rannsókn hér eru aðfengnir. Efstur í heildareinkunn er hópur undan Alvin 10-077 og eru yfirburðirnir hjá honum allir fengnir frá gríðarlegum yfirburðum í ómsjarmælingunum. Fallþungasamanburðurinn er einnig þessum lambahópi nokkuð í hag. Alvin er fenginn frá Ytra-Lóni undan Rúbín 08-004, sem er sonur Kveiks 05-965, sem þar hefur reynst mjög vel, en móðurfaðir Alvins er Toppur 04-001. Lambahópurinn undan Dóra 09-076 sækir meiri hluta sinna yfirburða í kjötmatshlutann og eru yfirburðir hans í gerðarmati lambanna umtalsverðir. Dóri er hrútur, sem er fenginn frá Bjarnastöðum, og er hann sonur Jökuls 07-844 en móðurfaðirinn er Varmi 06-153. Gaursson 08-075 er að sækja yfirburði í báða aðalþætti rannsóknarinnar en haustið 2010 átti hann lambahóp, sem skipaði sér þá á toppinn í rannsókninni hér. Að þessu sinni er þungasamanburðurinn fyrir lömbin undan honum heldur neikvæður. Gaursson kemur frá Snartarstöðum og er hann sonur Gaur 05-532, sem þar gerði garðinn frægan um árabíl, og móðurfaðir hans er Sör 04-531.

Ytra-Lón

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Rúbín	08-004	Kveikur	05-965	98,4	158,8	128,6	18,5	9,7	8,0	34,4	2,6	17,9
Þistill	10-104	Hjálmar	09-314	111,5	130,9	121,2	17,7	9,9	7,6	33,1	3,8	17,9
Karri	10-103	Rúbín	08-004	108,3	127,6	118,0	19,6	10,5	8,4	32,5	3,1	17,6
Hjörtur	11-003	Grábotni	06-833	116,3	107,2	111,8	16,0	9,3	6,7	31,8	3,5	17,5
Botni	10-105	Grábotni	06-833	95,8	107,4	101,6	18,9	9,6	8,1	31,5	3,2	17,6
Ríli	11-002	Royal	06-005	114,4	76,0	95,2	17,0	9,6	7,1	29,8	3,3	17,5
Prins	09-002	Royal	06-005	99,5	87,3	93,4	18,0	9,9	8,0	30,8	3,7	17,6
Kóngur	09-001	Royal	06-005	90,0	93,2	91,6	17,5	8,7	7,4	30,7	2,8	17,6
Safír	10-101	Hriflon	07-837	90,3	75,8	83,1	18,7	8,8	7,7	30,4	3,4	17,5
Ópal	10-326	Forni	08-005	75,7	45,9	60,8	17,9	8,9	8,1	28,9	3,7	17,5
							17,9	9,5	7,7	31,3	3,3	17,6

Lambahópurinn, sem hreppir toppsætið í rannsókninni hér, er undan Rúbín 08-004 og eru lömbin að þessu sinni rígvæn með feikilega yfirburði í ómsjarmælingunum þaðan sem allir yfirburðir í rannsókninni núna eru fengnir en haustið 2009 mætti Rúbín einnig með glæsihóp í rannsókn hér. Rúbín er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir hans er Nökkvi 02-007 frá Laxárdal, sem var notaður hér á búinu um árabíl. Þistill 10-104 á þarna hóp þar sem yfirburðir eru sóttir á bæði borð í rannsókninni en yfirburðirnir samt verulega meiri í líflambahlutanum enda lömbin vöðvabykk á baki og í lærum. Þistill er frá Holti í Þistilfirði og er faðir hans Hjálmar 09-314, sem var sonur Púka 06-807, en móðurfaðir Þisils er Vangi 05-211 úr Kollavík. Karri 10-103 á þarna gríðarlega væn lömb og vel gerð. Yfirburðir í ómsjårhluta rannsóknarinnar eru miklir og gerðarmatið í kjötmatinu afgerandi best fyrir hópana í rannsókninni. Karri er sonur Rúbíns

08-004, sem fjallað er um hér á undan, en móðurfaðir Karra er Hængur 04-005. Karri sjálfur er grár að lit. Hjörtur 11-003 er þarna með afkvæmahóp, sem skilar talsvert meira af sínum yfirburðum frá kjötmatshætti rannsóknarinnar, en fallþungasamanburðurinn er honum verulega neikvæður meðal þeirra gríðarvænu lamba sem þarna eru í rannsókninni og þess vegna er eitthvað af yfirburðunum reiknaðar „leiðréttingar“. Hjörtur er frá Snartarstöðum og er hann sonur Grábotna 06-833 en Ás 04-528 er móðurfaðir hans.

Sauðanes

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Ivik	10-013	Dýri	04-007	106,0	133,7	119,9	16,7	8,8	6,9	29,7	3,3	17,4
Grettir	11-011		08-018	114,4	110,9	112,7	15,9	8,9	6,5	28,7	2,8	17,1
Steri	10-011	Rúbín	08-004	109,4	102,5	106,0	16,2	9,2	7,0	28,5	2,9	17,2
Lurkur	09-010	Raftur	05-966	104,4	105,6	105,0	17,2	9,3	7,4	28,7	3,2	17,4
Drumbur	11-012	Lurkur	09-010	96,3	99,7	98,0	16,0	8,5	6,8	28,2	2,8	17,3
Faktor	03-201	Leki	00-880	95,2	94,3	94,8	16,4	9,2	7,4	28,2	2,9	17,0
				114,4	72,2	93,3	16,5	8,9	6,8	27,5	3,2	16,9
Toppur	07-013	Gýmir	06-041	91,3	93,1	92,2	15,8	9,0	7,2	27,9	2,7	17,2
Magni	11-010	Þór	05-013	88,1	82,1	85,1	16,5	9,0	7,5	27,9	3,2	17,2
							15,0	9,3	5,9	28,9	2,5	17,2

Toppurinn í rannsókninni hér á búinu fellur að þessu sinni í hlut lambanna undan Ivik 10-013, sem sýna umtalsverða yfirburði, sérstaklega samt fyrir ómsjarmælingaþáttinn í rannsókninni, en lömbin eru prýðilega vel vöðvafyllt. Ivik er fenginn frá Ytra-Lóni og faðir hans Dýri 04-007 var sonur Dreitils 00-891, en fjölbreyttur uppruni er að Ivik vegna þess að móðurfaðir hans er Ormur 02-933. Lambahópurinn undan Gretti 11-011 kemur með sína yfirburði nokkuð jafnt frá báðum aðalþáttum rannsóknarinnar og sérstaklega lyftir fitumat sláturlambanna honum nokkuð. Faðir Grettis var hrútur 08-018 en móðurfaðir hans Bergur 06-011 er sonur Busa 03-946.

Tungusel

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Ósi	11-056	Demantur	10-263	142,2	187,7	165,0	16,4	9,6	6,4	32,7	2,7	17,6
Axalalli	11-057	Bakur	10-745	118,6	164,9	141,8	15,1	9,0	6,3	32,7	2,7	17,3
Blámi	09-550	Spakur	07-041	116,1	135,5	125,8	16,0	9,5	7,0	31,9	4,2	17,6
Fróði	11-050	Grábotni	06-833	119,4	88,3	103,9	16,1	10,0	7,2	29,0	3,6	17,2
Keilir	11-052	Grábotni	06-833	106,6	94,3	100,5	15,8	8,6	6,6	29,3	3,8	17,3
Blíður	09-056	Púki	06-807	94,4	79,6	87,0	15,7	8,4	6,8	28,4	3,5	17,2
Ljúfur	09-057	Mjöður	07-811	94,3	72,0	83,2	15,8	8,8	7,1	28,5	4,0	17,0
Smári	09-552	Baugur	08-054	69,9	84,1	77,0	15,7	7,9	7,1	28,7	3,5	17,2
Geysir	09-052	Byr	08-057	91,0	53,5	72,3	15,4	8,2	6,7	26,8	3,3	16,9
Kjarval	09-054	Púki	06-807	92,9	43,8	68,4	16,0	8,1	6,7	26,8	3,3	16,9
							15,8	8,6	6,8	29,4	3,4	17,2

Eins og verið hefur stundum áður þá er gríðarlega mikill munur á milli lambahópanna sem eru í rannsókn hér. Ósi 11-056 er þarna með lambahóp, sem í tölulegum niðurstöðum stendur í efstu sætum haustið 2012. Yfirburðir lambanna í ómsjarmælingunum eru með ólíkindum miklir en kjötmatshlutinn skilar honum einnig feikilega miklum yfirburðum og á fitumat sláturlambanna ekki hvað minnstan þátt í því. Ósi er fenginn frá Flögu og er faðir hans Demantur 10-263, sem er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir Ósa er Sunni 05-043 á Gunnarsstöðum. Lambahópurinn undan Axalalla 11-057 sýnir þarna einnig geysilega mikla yfirburði þar sem ómsjarmælingaþátturinn skilar samt snöggum meiru en í kjötmatshlutunum er fitumatið mjög jákvætt. Axalalli er fenginn frá Ærlæk og er hann undan Baki 10-

745, sem er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir Axalalla er Dali 07-478. Lömbin undan Bláma 09-550 eru að smala til hans umtalsverðum yfirburðum og það fyrir flesta kjötgæðapættina, sem eru mældir í rannsókninni. Blámi sem er grár að lit er úr heimastofni undan Spak 07-041 en móðurfaðir Bergur 02-055.

Múlasýslur

Hofteigur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Þórarinn	09-275	Mjöður	07-811	119,7	109,5	114,6	15,0	8,6	5,3	27,2	3,1	17,5
Hólmaháls	10-270	Hólmi	08-839	105,2	123,4	114,3	15,3	8,9	5,9	27,9	3,3	17,6
Quan	11-269	Þórarinn	09-275	106,7	119,6	113,2	15,7	9,1	6,0	27,9	3,8	17,4
Tossi	10-279	Blossi	07-823	111,8	101,1	106,5	15,6	8,7	5,6	26,4	2,8	17,7
Bossi	10-277	Blossi	07-823	86,2	126,5	106,4	15,7	8,5	6,2	27,6	3,1	17,6
Garðarshólmi	10-280	Hólmi	08-839	91,0	80,9	86,0	14,9	8,5	6,0	26,3	3,5	17,8
Frat	09-274	At	06-806	83,3	80,8	82,1	15,5	8,1	6,0	26,3	3,6	17,3
Máni	08-268	Máni	03-975	83,7	52,5	68,1	15,7	7,9	5,9	25,5	3,7	17,0
							15,4	8,5	5,8	27,0	3,4	17,5

Eins og á síðasta ári er það lambahópur undan Þórarini 09-275, sem skipar sér efstur í heildareinkunn. Sterkasti eiginleiki hjá lambahópnum nú er gott fitumat úr kjötmatinu. Faðir Þórarins er Mjöður 07-811 en móðurfaðir hans Áll 02-277 en sá hrútur átti að föður sæðingahrút með sama nafni. Hjá lömbunum undan Hólmahálsi 10-270 er ómsjarmælingahlutinn sá hluti rannsóknarinnar, sem er að skila mestum yfirburðum. Hólmaháls er sonur Hólma 08-839 en móðurfaðir hans Smári 05-279 var hrútur undan Gára 02-904. Quari 11-269 á þarna vænstu lömbin, með góðar ómmælingar og gerðarmat þeirra það besta í rannsókninni. Quari er sonur Þórarins 09-276, sem áður er nefndur, en Hvellur 05-969 er móðurfaðir hans.

Skjöldólsstaðir 1

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Bingó	07-149			102,8	154,2	128,5	16,3	7,7	6,0	27,8	3,2	17,3
Raftur	07-146	Raftur	05-966	120,1	124,3	122,2	16,8	8,0	5,9	26,5	3,6	17,2
	11-022	Bangsi	08-121	113,4	95,1	104,3	17,1	7,9	6,0	24,9	3,5	17,0
Mangó	07-148	Mímir	04-951	88,2	111,3	99,8	16,8	8,1	6,8	26,7	4,7	17,1
Viti	09-132	Gotti	05-804	111,0	86,1	98,6	16,8	8,1	6,2	25,0	4,1	17,1
Depill	08-141	Nári	07-145	105,9	82,4	94,2	17,0	7,7	6,1	24,5	3,8	17,1
Ás	09-104	Ás	04-813	95,3	84,3	89,8	15,8	7,6	6,0	24,9	4,5	17,4
Dalur	07-121	Langidal	01-931	88,7	90,4	89,6	16,8	7,9	6,7	24,9	3,9	17,4
Haukur	10-105		09-101	90,8	68,8	79,8	16,9	7,8	6,6	24,3	4,0	17,0
							16,6	7,9	6,3	25,6	4,0	17,1

Í þessari rannsókn standa eftir lambahópar undan tveim hrútum sem haustið 2008 gáfu góðar niðurstöður í rannsókn þá og hóparnir nú gera ekki annað en staðfesta þær niðurstöður. Hjá lömbunum undan Bingó 07-149 eru það ómmælingar, sem koma með nær alla yfirburðina, en fitumat sláturlambanna er líka hagstætt. Fyrir lambahópinum undan Rafti 07-146 skiptast yfirburðirnir aftur á móti nokkuð jafnt á báða aðalþætti rannsóknarinnar og er fitumat sláturlambanna drjúgt með að skila yfirburðum. Raftur er einn fjölmargra sona Rafts 05-966.

Mælivellir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	11-093	Kostur	09-851	104,2	132,4	118,3	16,1	8,3	6,0	26,4	3,2	16,8
	10-088		09-060	100,4	119,2	109,8	15,3	8,1	5,8	25,5	3,7	16,7
	11-089	Prjónn	07-812	111,8	98,4	105,1	15,6	8,4	5,7	24,2	2,7	16,7
	11-091	Grábotni	06-833	112,0	97,8	104,9	16,1	8,5	5,9	25,1	3,4	16,5
	11-084	Hukki	06-841	94,5	99,5	97,0	16,3	8,5	6,5	25,1	3,7	16,9
	11-088	Kostur	09-851	88,4	102,4	95,4	15,9	8,1	6,3	24,6	3,0	16,8
	10-082	At	06-806	97,4	86,0	91,7	16,1	7,7	5,8	24,5	3,9	16,5
	06-066			100,7	75,0	87,9	15,2	7,7	5,5	23,7	3,2	16,5
	11-080	Kóngur	04-829	99,6	65,3	82,5	15,8	8,2	6,0	23,2	3,7	16,8
							15,7	8,1	5,9	24,9	3,4	16,7

Í rannsókninni hér er það hrútur 11-093, sem á hópinn, sem efstur stendur um kjötgæði, þó að bakvöðvamælingar lambanna séu tekjudrýgsti einstaki eiginleikinn með yfirburðina en aðrir mældir eiginleikar liggja einnig vel yfir meðaltali í rannsókninni. Hrútur þessi er sonur Kosta 09-851 en móðurföðurfaðir hans er Lóði 00-871. Fyrir lambahópinn undan hrúti 10-088 kemur meginþungi yfirburðanna frá ómsjarmælingaþættinum en fitumatið er líka hagstætt. Föðurfaðir hrútsins 10-088 er Ás 04-813 en móðurföðurfaðir hans Flotti 98-850.

Hof 2

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Raftur	11-136	Raftur	05-966	103,3	142,6	123,0	16,2	8,7	6,4	29,3	2,9	17,7
Kveikur	11-129	Kveikur	05-965	121,6	121,0	121,3	16,2	8,4	5,6	28,0	2,7	17,5
Fálki	11-133	Fálki	06-834	100,6	119,1	109,9	16,0	9,0	6,6	29,0	3,7	17,1
Klumpur	11-128	Grábotni	06-833	91,8	127,3	109,6	16,7	9,0	7,1	29,0	3,2	17,4
Lagður	11-135	Grábotni	06-833	111,5	92,9	102,2	16,8	8,2	6,0	26,6	3,1	17,1
Frosti	11-134	Frosti	07-843	116,1	84,7	100,4	16,6	8,2	5,8	26,1	3,1	17,4
Bogi	11-131	Bogi	04-814	96,4	86,6	91,5	16,2	7,5	5,8	26,4	2,7	17,1
Þokki	11-127	Grettir	08-140	97,6	71,1	84,4	16,0	7,8	5,9	25,1	2,5	17,1
Hukki	11-130	Hukki	06-841	83,7	76,0	79,9	16,0	7,8	6,3	25,4	2,7	16,8
Ás	10-147	Geisli	07-134	91,7	65,8	78,8	16,7	8,2	6,6	25,1	3,0	17,1
							16,4	8,3	6,3	27,0	2,9	17,2

Hér eru í rannsókn stór hópur af veturgömlum hrútum, sem flestir eru synir hyndra sæðingarstöðvarhrúta, en til skamms tíma hefur kollótt fé verið mjög ríkjandi á þessu búi. Lambahópurinn, sem hér skipar sér á toppinn, er undan Rafti 11-136, sem kemur með gríðarlega mikla yfirburði í líflambaþætti rannsóknarinnar, lömbin hafa mjög þykkar bakvöðva og lærahold þeirra bera af hinum hópunum. Kjötmat lambanna er einnig gott. Næstur kemur Kveikur 11-129 sem er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir hans Goði 04-125, ættaður frá Melum í Árneshreppi. Afkvæmahópur hans er er jafn um báða meginþætti rannsóknarinnar. Að endingu er rétt að benda á hópinn undan Klump 11-128. Lömbin eru þroskamikil með þykkar bakvöðva og koma vel út í kjötmatssamanburðinum. Klumpur er sonur Grábotna 06-833 en móðurfaðir hans Glæsir 05-129 var sonur Glæsis 98-876.

Egilsstaðir, Fljótsdal

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Púki	09-148	Púki	06-807	106,8	145,8	126,3	16,1	8,2	6,0	27,1	2,9	17,5
Ári	09-142	Púki	06-807	118,5	116,6	117,6	16,2	8,8	6,1	26,8	3,5	17,5
Lurkur	08-145	Raftur	07-150	101,2	119,1	110,2	16,0	8,6	6,4	26,6	3,6	17,2
Grámann	11-145	Grábotni	06-833	91,5	101,2	96,4	15,9	8,3	6,5	26,2	3,9	17,5
Kati	09-143	Cat	04-992	86,7	102,6	94,7	16,2	8,2	6,6	26,3	4,0	17,5
Bjarmi	11-149	Neisti	06-822	98,0	87,7	92,9	16,2	7,6	5,9	25,3	4,0	17,7
Dúmbó	06-148	Jumbó	05-146	101,3	68,5	84,9	14,9	6,9	4,9	23,5	3,1	17,5
Bútur	08-147	Lykill	07-143	89,7	51,2	70,5	16,8	8,3	6,8	23,1	4,0	17,6
							16,1	8,2	6,2	25,7	3,6	17,5

Í heildareinkunn kemur hér á toppinn lambahópur undan Púka 09-148. Hjá þessum lömbum er stærstur hluti yfirburðanna að koma frá líflambabætti rannsóknarinnar og kjötmatssamanburðurinn er einnig jákvæður. Púki á að föður samnefndan sæðingarstöðvarhrút 06-807 en móðurfaðir hans er Kvistur 98-145. Ári 09-142 á þarna lambahóp, sem er að gefa langbesta kjötmatssamanburðinn í þessari rannsókn, og líflambahlutinn færir honum líka ágæta yfirburði. Ári er eins og Púki undan Púka 06-807 en móðurfaðir Ára er Otur 04-141, sem á að föður samnefndan stöðvarhrút 00-910. Undan Lurki 08-145 er lambahópur, sem hefur heilmikla yfirburði úr ómsjármælingabættinum, en kjötmatnsniðurstöður um meðaltal rannsóknarinnar. Lurkur er sonur Rafts 05-966 en móðurfaðir hans Otur 04-141, sem að framan er nefndur.

Lundur, Völlum

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Púki	11-132	Púki	06-807	116,5	131,2	123,9	19,8	9,1	7,1	29,8	4,2	18,0
Blossi	10-114	Blossi	07-823	112,7	132,8	122,8	19,6	8,9	7,0	29,9	4,5	17,6
Kjóí	10-113	Kjóí	04-816	120,4	119,6	120,0	18,9	8,4	6,3	28,8	3,9	17,6
Héli	11-129	Grábotni	06-833	105,0	124,3	114,7	19,5	9,5	7,6	29,4	4,1	18,0
Hnikill	10-117	Skrauti	07-826	109,6	102,8	106,2	20,0	8,2	6,7	28,6	4,7	17,6
Strengur	10-120	Bogi	04-814	109,8	102,2	106,0	19,9	8,7	7,0	28,8	4,7	17,5
Grímur	11-128	Grábotni	06-833	102,5	101,6	102,1	20,5	10,3	8,4	28,9	4,9	17,9
Kollur	10-116	Skrauti	07-826	96,6	93,3	95,0	20,9	9,2	7,9	28,8	5,8	17,6
Kóngur	11-131	Kóngur	04-829	85,7	93,3	89,5	20,2	8,8	7,9	27,9	4,2	17,6
Stjáni	09-106	Kaldi	03-989	76,2	95,2	85,7	18,8	8,7	7,9	28,7	5,1	18,2
Skrauti	10-119	Skrauti	07-826	86,2	75,7	81,0	20,6	9,1	8,1	28,1	5,4	17,6
Örvar	10-121	Bogi	04-814	96,1	55,7	75,9	19,4	8,8	7,4	26,3	5,3	17,4
Móri	10-118	Skrauti	07-826	82,6	51,4	67,0	19,7	8,6	7,7	26,6	5,7	17,1
							19,9	9,0	7,5	28,6	4,8	17,7

Hér er eins og svo oft áður fremur stór rannsókn þar sem vænleiki lambanna er gríðarlega mikill eins og taflan sýnir. Hópurinn, sem fær hæsta heildareinkunn, er undan Púka 11-132 og eru yfirburðir hans miklir í báðum aðalþáttum rannsóknarinnar og lærahold mjög góð hjá þessum lömbum. Púki á að föður Púka 06-807 en móðurfaðir er Tindur 06-143. Lömbin undan Blossa 10-114 eru um margt með mjög líkar tölulegar niðurstöður og hjá Lömbunum undan Púka nema að lærahold eru ekki jafn mikil en góðir yfirburðir úr báðum aðalþáttum rannsóknarinnar. Blossi er undan Blossa 07-823 en móðurfaðir hans Styggur 99-877. Kjói 10-113 er með lambahóp með góðar bakvöðvamælingar og fitumat er frábært á jafnvænum lömbum en þó að fallþungasamanburður sé lömbunum undan Kjóa óhagstæður eru þau eftir sem áður mjög væn í þessum gríðarmikla vænleika. Kjói er sonur Kjóa 04-816 en móðurfaðir er Spegill 05-138. Fyrir lömbin undan Héla 11-129 eru meginyfirburðirnir fengnir frá ómsjármælingunum en þetta eru þrælsterk lömb. Héli er sonur Grábotna 06-833 en móðurföðurfaðir Lóði 00-871.

Austur Skaftafellssýsla

Fornustekkar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kári	09-219	Freyðir	07-810	114,8	179,0	146,9	16,4	9,4	6,8	30,6	2,4	17,4
Frami	11-251	Andi	03-572	99,7	171,0	135,4	17,3	9,5	7,4	31,0	2,6	17,3
Toppur	06-156	Opal	03-113	112,6	137,4	125,0	16,4	8,9	6,5	29,4	2,3	17,3
Gestur	11-191	Geysir	07-846	126,0	121,7	123,9	16,6	10,1	6,9	28,8	2,3	17,0
Vetlingur	11-211	Prjónn	07-812	90,8	148,7	119,8	16,5	8,9	7,1	30,3	2,4	17,3
Franklín	11-261	Boði 127	09-095	116,5	92,1	104,3	15,5	8,5	5,9	27,4	2,5	17,0
Svipur	08-218	Purs 39	06-385	84,9	97,7	91,3	16,4	8,9	7,2	28,2	2,6	17,4
Valli	11-171	Prjónn	07-812	102,8	78,2	90,5	16,9	9,0	6,9	26,9	2,2	16,8
Broddi	11-231	Hólmi	08-839	98,7	79,3	89,0	17,3	9,3	7,3	27,0	2,6	16,9
Klói	11-221	Kári	09-219	110,1	64,7	87,4	16,8	8,9	6,6	26,7	2,7	17,3
Sæll	11-131	Hólmi	08-839	87,8	85,3	86,6	16,5	8,5	6,9	27,0	2,2	17,1
Sjón	11-181	Hólmi	08-839	79,3	88,9	84,1	16,1	8,7	7,2	27,4	2,3	17,0
Óðinn	10-160	Borði	08-838	88,2	77,7	83,0	16,6	8,8	7,1	27,1	2,3	17,3
Herkúles	11-121	Raftur	05-966	104,0	59,7	81,9	15,9	8,3	6,2	26,0	2,4	16,9
Forkur	11-281	Ernir	06-099	87,5	72,1	79,8	17,3	9,3	7,6	26,5	2,1	16,8
Frakki	11-271	Fauti	09-096	89,8	65,1	77,5	16,7	8,2	6,7	26,1	2,0	16,9
Eingin	11-141	Hólmi	08-839	91,9	60,2	76,1	16,5	8,8	7,0	26,5	2,9	16,9
Alladín	11-151	Kári	09-219	76,9	51,1	64,0	16,2	8,6	7,2	26,1	2,7	16,9
							16,5	9,0	6,9	28,0	2,4	17,1

Á þessu fjármarga búi er eins og oft hefur verið mjög umfangsmikil rannsókn. Toppinn skipar lambahópurinn undan Kára 09-219 en hann hefur verið með afbragðslömb í rannsóknnum hér bæði haustin 2010 og 2011. Lömbin eru eins og áður að mælast með fádæma mikla yfirburði í bakvöðvabykkt og lærahold dæmast einnig mjög góð. Kjötmatssamanburðurinn er einnig verulega jákvæður en þess má geta að fjöldi sláturlambanna undan Kára var talsvert mikið á þriðja hundraðið að þessu sinni. Kári er sonur Freyðis 07-810 en móðurfaðir hans Skáli 03-203 er hrútur, sem er undan Háfi 00-149 í Nýpugörðum. Frami 11-251 á þarna mjög þroskamikil lömb, sem eru með gríðarmikla yfirburði í bakvöðvamælingunni, en kjötmatssamanburður sláturlambanna er nákvæmlega á meðaltalinu. Frami er fenginn frá Gerði undan Anda 03-572 en móðurfaðir hans er Raftur 05-966. Toppur 06-156 er ekki ókunnir við toppinn í rannsóknnum hér vegna þess að þar hefur hann oft verið og gerir enn. Lömbin að þessu sinni eru að skila umtalsverðum yfirburðum úr líflambaskoðuninni og kjötmatssamanburðurinn er einnig verulega jákvæður ekki síst hagfelld fitumat hjá sláturlömbunum. Toppur er sonur Opals 03-113, sem var einn margra sona Kristals 02-102, sem var hrútur, sem hér var mikið notaður og breytti fé mikið. Móðurfaðir Topps er Vinur 99-867. Gestur 11-191 er með hóp með rakin kjötgæði. Hann kemur í efsta sætið í kjötmatssamanburðinum og er gerðarmat lambanna undan honum það besta í rannsókninni. Gestur er sonur Geysis 07-846 en móðurfaðirinn er Kristall 02-102. Vettlingur 11-211 á þarna lambahóp, sem er að koma með feikilega mikla yfirburði í líflambasamanburðinum, en vantar aðeins á að ná meðaltali í kjötmatssamanburði enda lömbin aðeins í feitari kantinum. Vettlingur er sonur Prjóns 07-812 en móðurfaðir Áll 00-868 og enn bætir á Hestsblóðið þar sem móðurmóðurfaðir er Sónn 95-842.

Nýpugarðar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	10-513	Fannar	07-808	129,0	142,4	135,7	15,3	9,1	5,8	31,3	2,6	17,4
	09-510		07-398	105,3	146,9	126,1	14,6	8,4	5,9	31,9	2,4	17,0
	08-502	Cat	04-992	110,2	128,0	119,1	15,2	9,1	6,3	31,3	2,6	17,5
	11-523	Jökull	07-844	108,0	110,9	109,5	15,9	8,9	6,3	30,2	2,8	17,1
Taumur	10-512	Borði	08-838	81,7	117,2	99,5	13,9	8,3	6,4	30,7	3,0	17,4
	11-524	Grábotni	06-833	106,4	90,2	98,3	15,5	8,6	6,1	29,0	2,5	17,3
	11-526	Skari	05-654	108,4	64,8	86,6	15,2	9,2	6,4	28,3	3,4	17,2
	11-518	Hólmi	08-839	80,5	82,5	81,5	15,0	8,6	6,9	28,8	2,9	17,2
	11-525	Hólmi	08-839	72,2	67,8	70,0	15,3	8,3	7,1	28,6	3,3	17,4
	11-521	Gosi	09-850	80,8	59,1	70,0	15,4	8,4	6,8	27,8	3,3	17,3
							15,0	8,7	6,3	29,7	2,9	17,3

Lambahópurinn undan hrúti 10-513 er með mjög skíra yfirburði í þessari rannsókn. Haustið 2011 var hann einnig með afgerandi besta hópinn í rannsókn þá. Niðurstöðurnar eru mjög líkar bæði árin nema nú koma heldur meiri yfirburðir frá líflambamælingunum. Kjötgæðaeinkenni eru mjög glögg í mikilli vöðvafyllingu og lítilli fitu hjá lömbunum. Þessi hrútur er sonur Fannars 07-808 en móðurfaðir er Þór 03-266, sem er einn af sonum Háfs 00-149. Lömbin undan hrúti 09-510 hafa áður komið vel út í þessum rannsóknnum og gera áfram. Hópurinn núna sækir megni af yfirburðum í ómsjarmælingaþáttinn en bætir samt aðeins við úr kjötmatshlutanum. Fallþungasamanburður er hópnum aðeins í óhag. Faðir 09-510, 07-398, toppaði hér í rannsóknnum áður en sá hrútur var sonur Hvels 05-969 og móðurmóðurfaðir 09-510 er Háfur 00-149. Þriðji hrúturinn, sem áður hefur gert góða hluti og mætir enn með hóp til staðfestingar þess, er 08-502, en lömbin undan honum eru jákvæð um flesta þætti og gerðarmat þeirra í kjötmatinu er það hæsta fyrir nokkurn hópna. Hrútur þessi er sonur Cat 04-992 og Vinur 99-867 er móðurfaðir hans. Af veturgömlu hrútunum er besti lambahópurinn undan 11-523 en lömbin undan honum hafa góðan þungasamanburði og sýna einkenni kjötgæða fyrir flesta mælda eiginleika. Þessi hrútur er sonur Jökuls 07-844 en móðurfaðir hans er Hylur 01-883.

Hnappavellir IV

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Snær	10-182	Kveikur	05-965	111,5	152,7	132,1	16,4	8,7	5,7	32,3	2,1	17,7
Stefnir	09-181	Krókur	05-803	113,2	135,5	124,4	15,9	9,2	5,8	32,7	2,4	17,9
Kambur	11-188	Grábotni	06-833	98,3	103,4	100,9	16,5	8,9	6,2	30,9	2,5	17,6
Leiri	11-187	Grábotni	06-833	102,0	88,6	95,3	16,4	8,5	5,8	30,4	2,6	17,5
Flekkur	10-185	Sokki	07-835	84,9	100,5	92,7	15,7	8,7	6,4	30,7	2,6	17,3
Hringur	09-179	Raftur	05-966	93,9	91,0	92,5	16,2	8,1	5,8	29,9	2,0	17,6
Drangur	11-189	Bátur	07-842	88,4	81,8	85,1	16,3	8,5	6,2	29,8	2,2	17,2
Rofi	07-170	Raftur	05-966	84,8	81,6	83,2	16,3	8,5	6,3	29,9	2,1	17,2
Skarði	11-191	Stáli	06-164	90,3	65,0	77,7	15,9	7,7	5,6	28,5	2,3	17,1
							16,2	8,6	5,9	30,6	2,3	17,4

Eins og haustið 2011 er það lambahópur undan Snæ 10-182, sem skipar sér hér í toppsætið. Vöðvafylling lambanna er með miklum ágætum og fitumatið kemur með jákvæða viðbót í kjötmatshlutanum. Snær er sonur Kveiks 05-965 og Raftur 05-966 er móðurfaðir hans þannig að kjötgæði frá þessum einstaklingi komu tæplega að óvart. Stefnir 09-181 er þarna með ágætan hóp og er bæði gerðarmat sláturlambanna og lærastig lifandi lambanna það besta sem gerist fyrir þessa afkvæmahópa. Stefnir er sonur Króks 05-803 og móðurmóðurfaðir Stefnis er Busi 03-946.

Litla-Hof

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kútur	11-308	Gosi	09-850	141,6	153,5	147,6	15,5	9,9	5,3	32,4	3,1	17,5
Vindill	10-302	Geysir	07-846	112,5	117,3	114,9	15,7	9,2	5,8	30,3	2,6	17,5
Bósi	11-304	Hólmi	08-839	84,1	141,3	112,7	15,8	8,5	6,2	31,6	2,8	17,1
Skellur	07-334	Hvellur	05-969	95,3	121,2	108,3	16,6	9,1	6,4	30,2	2,8	17,3
Sindri	11-309	Kverkur	08-465	89,1	119,0	104,1	17,2	8,8	6,5	30	2,3	17,3
Staur	10-301	Fálki	06-834	115,1	77,3	96,2	16,8	9,1	5,9	28,5	2,5	17,3
Mörður	11-305	Gosi	09-850	102,3	87,8	95,1	15,5	8,8	5,8	28,5	2	17,1
Úlfur	09-343	Kjóí	08-380	80,2	94,3	87,3	16,1	7,4	5,9	29,1	2,1	17,1
Lopi	11-307	Lagður	07-847	92,8	72,0	82,4	15,4	8,1	5,6	27,8	2,4	17,2
Flóki	10-349	Úlfur	09-343	52,1	43,9	48,0	16,5	7,4	6,7	27,4	2,9	17,2
							16,2	8,8	6,0	29,4	2,6	17,2

Hér kemur gríðarlega athyglisverður afkvæmahópur undan Kúti 11-308 en úr sláturlambasamanburði kemur hann með einhverja allra bestu niðurstöðu haustsins. Sláturlömbin hafa besta gerðarmatið um leið og fitumatið sýnir mjög litla fitu. Vöðvafylling, sem mæld er og metin í líflambapættinum, er feikilega góð bæði á baki og í lærum. Helsti annmarki er að fallþungasamanburður er hópnum heldur óhagstæður. Kútur er sonur Gosa 09-850 en móðurföðurfaðir hans er Lómur 02-923. Vindill 10-302 átti athyglisverðan lambahóp haustið 2011 og nú fylgir honum hópur, sem staðfestir hann sem kjöttgæðakind. Lömbin hafa mjög góða vöðvafyllingu jafnframt því sem að þau eru fitulítill. Vindill er fenginn frá Hofi 1 undan Geysi 07-846 árið sem hann var notaður þar í stöðvaprófun en móðurfaðir Vindils, Gapi 04-599, er sonur Lóða 00-871. Gríðarlega miklir yfirburðir eru í bakvöðvamælingunum fyrir lömbin undan Bósa 11-304 en vantar nokkuð á kjötmatssamanburð þar sem full mikil fita þvælist fyrir. Bósi er sonur Hólma 08-839 og móðurföðurfaðir Bósa er Raftur 05-966.

Hof 1

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Fantur	10-678	Geysir	07-846	121,2	140,9	131,1	16,2	9,3	6,5	31,3	3,1	17,6
Kóngur	11-682	Gosi	09-850	104,2	133,1	118,7	17,8	9,2	7,0	30,6	2,6	17,6
Fótur	10-676	Kveikur	05-965	101,4	103,1	102,3	16,4	8,7	6,7	29,5	2,6	17,4
Pétur	10-677	Sokki	07-835	95,6	88,5	92,1	16,9	9,3	7,3	28,8	2,3	17,3
Sproti	11-685	Lagður	07-847	99,3	74,9	87,1	17,4	8,5	6,7	28,7	2,7	17,4
Gráni	11-686	Grábotni	06-833	91,8	80,7	86,3	16,9	8,5	6,9	28,4	2,5	17,5
Gári	11-683	Lagður	07-847	92,6	75,0	83,8	17,0	9,1	7,3	28,8	3,2	17,3
Hamar	11-684	Lagður	07-847	91,4	65,6	78,5	16,7	8,5	6,9	28,5	2,8	17,4
							16,8	8,9	6,9	29,6	2,7	17,4

Fantur 10-678 er hér mættur til leik með hóp af lömbum sem sýna mjög mikla yfirburði fyrir báða aðalþættina í rannsókninni. Lömbin eru ákaflega vel vöðvafyllt um leið og fita hjá þeim er lítil. Fantur er sonur Geysis 07-846 en móðurföðurfaðir hans er Busi 03-946. Kóngur 11-682 á þarna lambahóp, sem kemur mjög vel út í þungasamanburði og er með gríðarlega mikla yfirburði úr ómsjarmælingahlutanum Kóngur er sonur Gosa 09-850 en móðurföðurfaðir hans er Abel 00-890.

Svínafell 3 Bölti

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Forkur	11-527	Gandur	07-845	123,0	155,7	139,4	19,8	9,6	7,3	31,4	2,0	17,5
Feldur	07-511	Bobbi	04-962	109,6	107,3	108,5	18,8	8,8	7,0	30,0	2,3	17,6
Krókur	09-518	Krókur	05-803	113,8	89,4	101,6	17,7	8,7	6,6	29,2	2,5	17,3
Lagður	11-525	Feldur	07-511	95,4	93,7	94,6	19,0	7,9	6,9	29,1	2,0	17,4
Boði	11-526	Gári	09-521	102,9	84,8	93,9	18,5	8,8	7,2	28,6	2,3	17,3
Hnikill	10-523	Prjónn	07-812	96,3	89,0	92,7	17,8	8,2	6,9	28,9	1,9	17,0
Vavi	10-522	Kverkur	08-465	98,9	79,5	89,2	19,0	8,5	7,2	28,0	1,7	17,1
Skjanni	09-520	Ás	04-813	86,3	78,6	82,5	18,8	8,3	7,4	28,7	3,2	17,2
Ormur	10-524	Skrauti	07-826	65,0	90,6	77,8	19,0	8,4	8,2	30,0	3,6	17,4
							18,8	8,6	7,2	29,6	2,3	17,4

Í rannsókninni hér ber mjög af lambahópur undan Forki 11-527. Lömbin eru gríðarlega væn og yfirburðir þeirra úr mati lifandi lamba eru feikilega miklir enda vöðvar stæltir. Í gerðarmatinu eru yfirburðir yfir aðra hópa ákaflega miklir. Forkur er sonur Gands 07-845 en móðurföðurfaðir er Lóði 00-871. Forkur er svartur að lit. Feldur 07-511 hefur verið á toppinum eða við hann í rannsóknunum hér á búinu á undanförunum árum og mætir enn til leiks með kostamikinn lambahóp og lærastig lambanna eru hæst fyrir þennan hóp. Feldur er sonur Bobba 04-962 og móðurföðurfaðir hans er Prúður 94-834.

Vestur Skaftafellssýsla

Efri-Ey 2

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Merkúr	11-146	Máni	09-138	106,8	143,3	125,1	16,3	8,5	6,3	30,4	2,2	17,5
Fáni	10-144	Fannar	07-808	111,3	116,2	113,8	16,1	8,6	6,2	29,3	2,5	17,4
Kraftur	10-145	Kveikur	05-965	110,5	105,8	108,2	15,7	8,2	5,9	28,5	2,1	17,3
Júpíter	11-149	Jökull	07-844	107,7	100,3	104,0	15,6	8,0	5,8	28,3	2,1	17,4
Klettur	09-136	Krókur	05-803	93,7	109,4	101,6	15,8	8,4	6,5	29,0	2,3	17,2
Hrannar	11-150	Hólmi	08-839	103,8	83,9	93,9	15,3	7,9	5,8	27,8	2,1	17,1
Golsi	11-147	Grábotni	06-833	102,6	84,8	93,7	15,5	8,1	6,0	28,4	2,7	17,4
Satúnus	11-148	Sjóður	10-142	83,3	78,5	80,9	16,6	8,0	6,9	28,0	2,7	16,9
Laufi	05-258	Grímur	01-928	82,1	36,8	59,5	15,4	8,3	6,7	26,3	2,8	17,3
							15,8	8,2	6,2	28,6	2,3	17,3

Lambahópurinn, sem hér skipar toppsætið, er undan Merkúri 11-146. Þessi lömb eru með mjög mikla yfirburði úr líflambahluta rannsóknar þar sem þau bera mjög af um bakvöðvaþykkt og lærastig og kjötmatssamanburður er jákvæður. Merkúr er sonur Mána 09-138, sem var að gera stóra hluti í rannsókn hér haustið 2011, en móðurfaðir Merkúrs er Eir 00-881. Fáni 10-144 er með lambahóp, sem kemur vel út í skoðun lifandi lambanna og stendur efstur úr kjötmatssamanburði hópanna. Fáni er sonur Fannars 07-808 en móðurfaðir hans Toppur 02-301 var hrútur undan Teigi 96-862.

Rangárvallasýsla

Ytri Skógar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Nagli	11-430	Prjónn	07-812	107,0	136,1	121,6	18,8	10,5	7,1	30,5	1,9	17,7
Reimar	11-433	Borði	08-838	123,2	117,1	120,2	17,3	10,5	6,3	29,4	1,8	17,6
Hnappur	11-431	Steri	08-349	109,3	110,0	109,7	18,3	10,1	6,7	29,6	2,0	17,6
Prúður	11-896	Hukki	06-841	114,8	91,9	103,4	17,6	10,7	6,9	28,8	1,9	17,6
Gimsteinn	11-434	Grábotni	06-833	82,5	111,0	96,8	17,0	9,5	7,2	29,3	1,9	17,3
Seðill	11-429	Hukki	06-841	82,8	95,8	89,3	18,0	10,0	7,6	29,3	2,1	17,3
Kvistur	11-427	Laufi	08-848	97,9	64,7	81,3	17,8	10,1	7,1	28,0	2,2	17,2
Spekingur	11-432	At	06-806	84,0	65,9	75,0	16,8	9,1	6,9	27,6	1,8	17,2
							17,7	10,1	7,0	29,1	1,9	17,4

Líkt og verið hefur í mörg ár voru veturgömlu hrútarnir í Ytri-Skógum í samanburði þar sem eingöngu hrútlömbin voru skoðuð.

Mælingar á lifandi lömbum fóru fram miðvikudaginn 26. september. Um stígun lambanna sá Eyjólfur Ingvi Bjarnason og um ómmælingar sá Fanney Ólöf Lárusdóttir. Kjötmatssupplýsingar byggja svo á sömu lömbum seinna í vikunni að undanskildum þeim hrútum sem valdir voru til lífs.

Bestu niðurstöður í rannsókninni sýndi Nagli 11-430 en lömbin hafa þykkar bakvöðva samhliða lítilli fitu og sýndu mikið útslag í vænleika við slátrun. Jafnframt sýndi Reimar 11-433 glæsilega niðurstöðu en gefur heldur léttari lömb en aðrir hrútar í slátrun. Báðir hefðu þeir verðskuldað pláss á sæðingastöð en ekki þótti rétt að fala þá þar sem feður beggja hafa verið að gefa ófrjósamar dætur.

Einna glæsilegastar sláturniðurstöður hafði Prúður 11-428 (11-896), afkvæmi hans sýndu útslag í gerð en voru á meðaltali fyrir bæði fallþunga og fitu. Hann átti einnig marga glæsilega gripi við skoðun og aðaleinkenni þeirra voru mögnuð lærahold, bakvöðvamæling þeirra var hins vegar talsvert breytileg líkt og verið hefur hjá afkvæmum föður hans Hukka 06-841. Hukki hefur hins vegar gefið góðar dætur og því var Prúður falaður til nota á sæðingastöð sem arftaki hans.

Árnessýsla

Haukholt

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Patti	11-005	Prjónn	07-812	119,5	195,5	157,5	15,1	8,8	5,6	30,1	1,8	17,4
Kappi	11-006	Ketill	10-003	87,9	129,6	108,8	14,9	8,3	6,2	29,5	3,3	17,4
Kokkur	11-003	Knapi	07-868	108,3	103,0	105,7	15,7	8,7	5,9	27,1	2,2	17,3
Gosi	11-001	Roði	09-410	78,9	122,0	100,5	15,7	7,8	6,3	28,8	3,0	17,0
Ísadór	10-004	Ís	08-009	102,4	89,4	95,9	15,7	8,7	6,1	26,8	2,8	16,9
Trölli	11-002	Kútur	09-408	100,1	76,3	88,2	15,7	8,3	5,9	26,5	2,6	16,9
Hnappur	09-009	Krókur	05-803	94,6	80,2	87,4	14,7	7,8	5,6	26,2	1,9	16,7
Gassi	11-004	Grábotni	06-833	96,3	66,3	81,3	15,8	8,7	6,3	25,8	2,4	17,2
Ketill	10-003	Kaðall	08-001	97,0	61,7	79,4	14,6	8,1	5,7	26,2	3,2	16,8
Puntur	09-004	Hálmur	08-005	96,6	51,5	74,1	15,0	8,3	5,9	25,3	2,6	17,0
							15,2	8,4	5,9	27,3	2,5	17,1

Í þessari rannsókn birtist einn of toppunum frá haustinu 2012 í afkvæmarannsóknunum yfir allt landið. Þetta er lambahópurinn undan Patta 11-005. Yfirburðir fyrir líflambahlutann eru fáheyrðir, bakvöðvinn þykkur, fita lítil og yfirburðir í lærastigun. Hann er einnig áberandi efstur í kjötmatssamanburði rannsóknarinnar og munar þar mestu um að lömbin hafa ákaflega gott fitumat. Patti er sonur Prjóns 07-812 og móðurfaðir hans er Dregill 03-947 en móðurmóðurfaðir Jökull 03-010 en það er hrútur undan Abel 00-890. Kappi 11-006 á lambahóp, sem er að sýna verulega yfirburði fyrir mat og mælingar lifandi lamba, en nær aftur á móti ekki meðaltali rannsóknarinnar í kjötmatssamanburðinum. Kappi er sonur Ketils 10-003, sem eftur var í rannsókninni á síðasta ári en má síns einskis í samanburði við ungliðana að þessu sinni. Móðurföðurfaðir Kappa er Fróði 04-963.

Stíflisdalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Dropi	07-002	Cat	04-992	115,2	131,9	123,6	14,9	8,9	6,0	28,8	2,8	17,1
Svartur	09-016	Gráni	03-957	100,2	133,7	117,0	15,5	8,8	6,6	28,4	2,7	17,0
Logi	08-009	Kveikur	05-965	101,5	116,7	109,1	14,9	8,2	6,0	27,7	2,5	16,7
	11-024	Drommi	09-201	110,0	100,0	105,0	15,9	9,4	6,8	27,1	2,5	16,6
	09-012	Raftur	05-966	101,6	94,9	98,3	14,7	8,3	6,0	26,4	2,4	16,8
Gleiður	11-022	Hólmi	08-839	112,0	81,9	97,0	15,5	8,6	6,1	26,1	2,5	16,6
Axi	11-021	Bakur	10-745	84,3	89,2	86,8	15,1	7,9	6,4	26,4	2,6	16,5
	11-023	Jökull	07-844	81,9	59,0	70,5	14,5	7,9	6,3	25,6	2,8	16,4
							15,1	8,5	6,3	27,0	2,6	16,7

Hér eru ekki stórar breytingar í rannsókninni vegna þess að enn er Dropi 07-002 mættur til leiks með lambahóp sem skipar efsta sætið í rannsókninni eins og hann hefur gert árlega alveg frá árinu 2008. Líklega er þetta met í þessum rannsóknum að nokkur hrútur hafi samfelld í jafn mörg ár skipað efsta sætið. Lömbin undan Dropa bera af með bakvöðvþykkt og lærastig og kjötmatssamanburðurinn er þeim einnig mjög í hag. Dropi var fenginn frá Efri-Hólum og er hann sonur Cat 04-992. Lambahópurinn undan Svarti 09-016 kemur með umtalsverða yfirburði frá líflambamælingum en kjötmatssamanburðurinn er á meðaltali fyrir lömbin. Svartur er frá Svínafelli 3 og er hann sonur Grána 03-957 en móðurfaðir hans Eir 04-546.

Heiðarbær 1

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Hnykill	11-147	Prjónn	07-812	131,6	157,1	144,4	16,9	10,0	6,4	30,1	2,4	17,6
Kjaftur	09-136	Raftur	05-966	118,7	129,8	124,3	17,1	10,0	6,8	29,6	2,4	17,4
Fylliraftur	11-149	Raftur	05-966	114,8	129,2	122,0	17,3	10,3	7,1	29,4	2,2	17,4
Íri	08-164	Papi	04-964	122,3	117,4	119,9	16,7	9,6	6,4	29,5	2,7	17,4
Gottlieb	09-137	Gotti	05-804	120,7	110,8	115,8	16,6	9,7	6,5	28,7	2,3	17,2
Hjartagosi	11-146	Gosi	09-850	104,4	120,9	112,7	18,2	8,6	6,5	29,1	2,2	17,6
Illugi	11-142	Grábotni	06-833	115,3	104,1	109,7	17,5	9,8	6,8	28,8	2,8	17,2
Snorri	08-170	Kveikur	05-965	105,8	87,2	96,5	17,9	9,0	6,7	27,7	2,1	17,1
Jónði	09-132	Kveikur	05-965	97,4	93,5	95,5	17,0	9,0	6,8	28,0	2,4	17,2
Freri	11-145	Jökull	07-844	81,4	108,4	94,9	17,0	8,4	7,0	28,4	2,2	17,1
Falur	11-148	Valur	06-853	80,3	99,2	89,8	17,4	8,9	7,4	28,0	2,2	17,1
Ceasar	08-173		07-143	91,2	71,0	81,1	16,9	8,9	6,9	26,9	2,5	17,1
Garri	11-143	Grábotni	06-833	85,8	71,0	78,4	17,3	9,0	7,2	27,2	2,4	16,7
Tópas	11-141	Snorri	08-170	79,6	72,0	75,8	17,5	8,1	6,9	27,0	2,3	16,8
Órækja	11-139	Snorri	08-170	79,7	65,2	72,5	17,5	8,2	6,9	26,9	2,2	17,0
Jón Murtur	11-140	Snorri	08-170	72,9	70,8	71,9	16,3	8,1	6,8	27,2	2,3	17,0
							17,1	9,1	6,8	28,2	2,3	17,2

Að vanda er hér umfangsmikil rannsókn. Einn lambahópur sýnir mikla yfirburði fyrir báða aðalþætti rannsóknarinnar en það eru lömbin undan Hnykli 11-147. Lömbin eru að mælast með mjög þykkun bakvöðva og hafa hæsta lærastigun af öllum hópunum. Kjötmatið mjög hagfelld, gerðarmatið með því besta fyrir hópana og lömbin eru fitulítill. Hnykill er sonur Prjóns 07-812 en móðurfaðir hans Egill 06-137, sem er sonur Busa 03-946. Næstur að heildarsigum er hópurinn undan Kjafti 09-136, en hann átti ágætan hóp í rannsókn á síðasta ári. Hópurinn núna ber einnig miklum kjötgæðum vitni vegna þess að lömbin koma ákaflega vel út í nánast öllum mældum eiginleikum í rannsókninni. Kjaftur er sonur Rafts 05-966 en móðurfaðir hans er Kjartan 05-135, sem er hrútur sem er undan Kulda 03-924. Fylliraftur 11-149 er með lambahóp, sem kemur með talsvert meira af yfirburðunum úr ómsjárþættinum, en gerðarmat sláturlambanna það besta af öllum hópunum en fitumatið er heldur yfir meðaltal. Fylliraftur er sonur Rafts 05-966 en móðurfaðir Fyllirafts er Þórður kakali 08-161. Eins og áður hefur verið þá er undan Íra 08-164 kostaríkur lambahópur, kjötmatssamanburður mjög hagstæður þar sem takmörkuð fita telur. Íri er sonur Papa 04-964 en móðurfaðir hans Tímon 00-901. Gottlieb 09-137 er að ný mættur með lambahóp með kjötgæði, vöðvafyllt með takmarkaða fitu. Hann hefur undangengin tvö ár einnig staðið mjög ofarlega í rannsókn. Gptlieb er sonur Gotta 05-804 en móðurfaðirinn Týr 02-132 er hrútur undan Áli 00-868. Hjartagosi 11-146 á þarna mjög væn lömb með góðar bakvöðvamælingar og litla fitu í fitumati sláturlambanna. Hjartagosi er sonur Gosa 09-850 en Busi 03-946 er móðurfaðir hans.